Blaðamaðurinn

Desember 2012 • 1. tbl. • 34. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Verðlaunamyndir 2011

Heiðursmerki með sögu

- **Blaðamanna-** verðlaun 2011
- **Siðadómar**
- **Ég frétti það á** Facebook



Heimsókn til London

- **Blaðamenn** bundnir við borðið
- **Hverjir skrifa** í raun fréttirnar?
- **Félagatal**

EFNI BLAÐSINS



Umræðan

4 Vignir Egill Vigfússon:
Hverjir skrifa fréttirnar?

7 Lovísa Árnadóttir:
Ég frétti það á Facebook

14 Svanbjörg H. Einarsdóttir:
Vinnuaðstæður og vinnubrögð blaða- og fréttamanna á Íslandi

Félagið

19 Heiðursmerki með sögu

21 Hver var Svavar Hjaltested?

22 Gullsmiðurinn dverghagi

23 Heimsókn til London

27 Blaðamannafélagið 115 ára

Blaðamannaverðlaun

29 Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2011

30 Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Verðlaunamyndir

31 Myndir ársins 2011

32 Verðlaunamyndirnar 2011

Útgefandi: Blaðamannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)
Útlitshönnun: Ásprent
Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins
er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155
Bréfsími 553-9177
Netfang **bi@press.is**
Heimasíða BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00. Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson, formaður, og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri.



Úrskurðir

37 Úrskurðir siðanefndar

41 Félagatal

Forsíðumyndin

er mynd ársins 2011. Myndin er tekin af Daníel Rúnarssyni og sýnir alþingismann falla í jörðina eftir eggjakast áhorfanda. Aðrir þingmenn bregðast skjótt við og er myndin afar góð ljósmynd af fréttnæmum atburði.

Breytingar í upplýsingamiðlun BÍ

Eins og blaðamenn hafa eflaust tekið eftir hefur vefsíða Blaðamannafélagsins tekið miklum stakkaskiptum og virðast breytingarnar í það heila hafa mælst vel fyrir. Þessar breytingar eru hluti af víðtækari hugmyndum um breytingu á miðlunarmálum félagsins, en hugmyndin er að láta vefsíðuna og Blaðamanninn kallast á með öðrum hætti en verið hefur. Fyrirhugað er að breyta útliti og efnistökum Blaðamannsins og er þetta tölublað væntanlega það síðasta sem kemur út með þessu sniði. Stefnan er að gera Blaðamanninn að hreinna fag- og fræðitímariti en verið hefur, þannig að tilkynningar og atriði sem varða ýmislegt í félagsstarfi blaðamanna og Blaðamannafélagsins muni því færast inn á vefsetrið www.press.is. Vefurinn verður þannig helsti vettvangur frétta og tilkynninga úr félagsstarfi en Blaðamaðurinn mun hins vegar einkennast af stærri greinum þar sem ýmis atriði varðandi fagleg efni stéttarinnar og fjölmiðla almennt verður að finna.

Í þessu síðasta tölublaði með núverandi sniði þreifum við okkur í átt að hinni nýju stefnu og eru nú birtar greinar sem snerta bæði fagleg efni og eiga uppruna sinn í rannsóknum innan háskólanna, greina sem þó eru skrifaðar af fólki sem ýmist er í blaðamennsku eða þekkir hana vel. Sömuleiðis er hugmyndin að reyna að birta í Blaðamanninum fróðleik úr íslenskri fjölmiðlasögu, ekki síst sögu Blaðamannafélagsins.

Þá er ljóst að Blaðamaðurinn getur orðið vettvangur fyrir stærri og viðameiri rannsóknargreinar frá starfandi blaðamönnum, greinar sem kalla má rannsóknarúttektir en henta ekki eða eru ekki af einhverjum ástæðum birtar í hefðbundnum fjölmiðlum.

Fræðileg umræða um fagleg málefni fjölmiðla og blaðamanna er orðin mjög mikilvæg og eftirspurn er eftir slíkri umfjöllun hjá blaðamönnum. Þetta helst í hendur við vaxandi umræðu um mikilvægi fjölmiðla almennt í samfélaginu og margbreytilegri og á ýmsan hátt flóknari kröfur sem gerðar eru til fjölmiðlafólks og góðrar blaðamennsku. Gríðarlegt magn upplýsinga kemur fram á degi hverjum og fjölmargir aðilar hafa starfa af og áhuga á að koma þessum upplýsingum á framfæri við almenning. Sérhagsmunir eru þá oft í lykilhlutverki eða óvönduð vinnubrögð og hálfsannleikur. Hið faglega hlutverk blaðamanna er að tryggja að almenningur hafi aðgang að sönnum og staðreyndum upplýsingum sem settar eru fram af sanngirni og að jafnvægis sé gætt. Þetta hlutverk varð mikilvægara með tilkomu óritsýrðrar upplýsingamiðlunar á bloggsíðum og samfélagsmiðlum, sem enginn veit í raun hversu ábyggilegar eru. Í slíku umhverfi er mikilvægt fyrir blaðamenn að ræða og takast á um fagleg gildi – um kjarna blaðamennskunnar. Vonast er til að nýi Blaðamaðurinn geti orðið að vettvangi fyrir slíka umræðu, í enn ríkari mæli en sá sem nú kveður.

Birgir Guðmundsson

Aðalstjórn:
Hjálmar Jónsson
Sigurður Már Jónsson
Egill Ólafsson
Magnús Halldórsson
Helga Arnardóttir
Erla Hlynsdóttir
Óli Kristján Ármannsson

Varamenn:
Sólrún Ragnarsdóttir
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Rakel Ósk Sigurðardóttir

Samningaráð:
Hjálmar Jónsson, formaður BÍ
Sigurður Már Jónsson, varaformaður BÍ
Guðni Einarsson, Mbl.
Gunnhildur Arna Gunnlaugsdóttir, Fréttatímanum
Höskuldur Schram, Stöð 2
Kolbeinn Óttarsson Proppe, Fbl.
Kolbeinn Þorsteinsson, DV

Varamenn:
Lillý Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2
Fríða Björnsdóttir
Rakel Ósk Sigurðardóttir, Birtingur

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:
Birgir Guðmundsson
Björn Vignir Sigurpálsson
Jóhannes Tómasson
Arna Schram
Svanborg Sigmarsdóttir

Stjórn Styrktarsjóðs:
Hjálmar Jónsson
Arndís Þorgeirsdóttir
Lillý Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:
Fríða Björnsdóttir
Guðni Einarsson
Svanborg Sigmarsdóttir

Siðanefnd BÍ:
Björn Vignir Sigurpálsson, form.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.
Friðrik Þór Guðmundsson,
blaðamaður og stundakennari við HÍ
Ásgeir Þór Árnason hrl, fulltrúi útgefanda
Róbert H. Haraldsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ


Varamenn:
Jóhannes Tómasson, fyrrv. blaðamaður
Valgerður Jóhannsdóttir, fyrrv. fréttamaður
Sigríður Árnadóttir, fyrrum fréttastjóri

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum
Morgunblaðið: Guðni Einarsson,
Kristín Heiða Kristinsdóttir
Fréttablaðið: Kolbeinn Óttarsson Proppe
DV: Kolbeinn Þorsteinsson
Stöð 2 og Vísir: Lillý Valgerður Pétursdóttir
Birtingur: Rakel Ósk Sigurðardóttir


Endurskoðendur
Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Rannsókn við Háskólann á Akureyri:

Hverjir skrifa fréttirnar?



Eftir Vigni Egil Vigfússon



Hlutfall frétta sem byggðu á fréttatilkynningum.

Um 30% frétta í íslenskum fréttamiðlum byggja á fréttatilkynningum. Þetta er meginniðurstaða rannsóknar sem var gerð í vetur og er hluti lokaverkefnis í fjölmiðlafræði í Háskólanum á Akureyri. Rannsakaðar voru allar innlendar fréttir í ellefu fréttamiðlum. Greind var 3.081 frétt á tveggja vikna tímabili og byggðu 906 á fréttatilkynningum, alls 29,4%. Einnig voru sendir út spurningalistar á fréttamenn annars vegar og almannatengla hins vegar.

Uppruni hverrar fréttar var kannaður eins langt og hægt var í hverju tilfelli. Póstfang skráð á alla helstu póstlista opinberra stofnana, ráðuneyta, stjórnmálaflokka og fleiri aðila. Þessir listar voru bornir saman við allar fréttir og kannað hversu margar voru upprunnar þaðan. Þá voru þær fréttir, sem áttu ekki uppruna í póstlistunum, kannaðar nánar. Einnig voru teknar til greina fréttir þar sem tekið var fram að uppruni þeirra væri fréttatilkynning.

Fréttum sem byggðu á fréttatilkynningum var skipt upp eftir hvaðan tilkynningarnar komu og hvert var umfjöllunarefni fréttarinnar. Einungis var kannað hvort fréttir ættu uppruna í fréttatilkynningum. Ekki var hægt að kanna hvort upplýsingarnar hafi komið frá almannatenglum með öðrum leiðum.

Fréttatilkynningarnar voru flokkaðar eftir því hversu miklu var bætt við tilkynninguna fyrir birtingu. Í fyrsta flokknum, **miklu bætt við**, var fréttin unnin upp úr fréttatilkynningunni, miklu bætt við hana og rætt við aðila tengda málinu og/eða álitsgjafa. Í öðrum flokknum, **litlu bætt við**, var fréttin unnin upp úr fréttatilkynningu, einhverju bætt við hana, en ekki leitað álits hjá neinum. Í þriðja flokknum, **engu bætt við**, voru fréttatilkynningarnar ýmsu birtar óbreyttar í heilu lagi eða að hluta til.

Hversu miklu var bætt við eftir miðlum	Miklu bætt við	Litlu bætt við	Engu bætt við
Prentmiðlar	30,0%	27,6%	42,4%
Vefmiðlar	11,1%	23,5%	65,4%
Hljóðvarp	50,8%	32,8%	16,4%
Sjónvarp	76,6%	21,3%	2,1%
Heildin	**21,6%**	**24,8%**	**53,6%**

Í tölum um úrvinnslu fréttatilkynninga kemur fram að um rúmlega helmingur var birtur án þess að fréttamaður hefði bætt nokkru við hana. Þetta gerir alls 486 fréttir eða 15,8% allra frétta. Af þessum 486 fréttum komu flestar tilkynningar frá lögreglunni, um þriðjungur. Miklu var bætt við rúmlega fimmtung fréttatilkynninga og litlu bætt við u.þ.b. eina af hverjum fjórum fréttatilkynningum sem urðu að fréttum.

Niðurstöður eftir miðlum

Þrír prentmiðlar voru greindir, Morgunblaðið, Fréttablaðið og DV. Innlendu fréttirnar voru 707 og byggðu 203 á fréttatilkynningum eða 28,7% sem var næsthæsta heildarhlutfallið á miðlunum. Morgunblaðið hafði hæsta hlutfallið, 31,8%, litlu hærra en Fréttablaðið þar sem 30% frétta byggðu á fréttatilkynningum. Lægsta hlutfallið var á DV, 18%.

Rúmlega 40% fréttatilkynninga sem urðu að fréttum í prentmiðlum birtust án þess að nokkru hefði verið bætt við þær. Alls voru þetta 86 fréttir og er það 12,2% af öllum fréttum í prentmiðlum. Af þessum 86 voru 53 stuttar fréttir, oftast í eindálki. Einhverjum upplýsingum hafði verið bætt við rúmlega helming fréttatilkynninganna. Hæsta hlutfall fréttatilkynninga sem birtust án þess að nokkru væri bætt við var á Morgunblaðinu.

Í hádegisfréttum í hljóðvarpi voru 240 fréttir og byggði 61 á fréttatilkynningum eða 25,4% sem var næstlægsta heildarhlutfallið. Hlutfallið var mun hærra á Bylgjunni, eða 31,6%. Á RÚV byggðu hins vegar 19,8% frétta á fréttatilkynningum. Mestu munaði um að fréttatilkynningar frá hagsmunafélögum og fyrirtækjum voru frekar notaðar við vinnslu frétta á Bylgjunni. Þá voru fréttir sem byggðu á tilkynningum frá lögreglunni mun fleiri á Bylgjunni.

Á þessum tveimur vikum birtust tíu fréttir í hádegisfréttum hljóðvarps sem voru fréttatilkynningar án þess að nokkru hafði verið bætt við þær og voru nánast allar frá lögreglu, Vegagerð eða Veðurstofu. Þessir fréttir voru 4,2% af heildarfjölda frétta í hljóðvarpi. Miklu var bætt við rúmlega helming tilkynninga og litlu hafði verið bætt við um þriðjung. Munurinn á fréttamiðlunum hvað þetta varðaði var mjög lítill.

Í kvöldfréttum sjónvarps voru fréttirnar 242 og byggðu 47 á fréttatilkynningum eða 19,4% sem var lægsta hlutfall allra miðla. Mjög litlu munaði á fréttamiðlunum. Hlutfallið á RÚV var 18,5%, en á Stöð 2 var hlutfallið 20,3%. Alls voru þetta 24 fréttir sem byggðu á fréttatilkynningum á Stöð 2 og 23 á RÚV. Heildarfjöldi frétta var hins vegar örlítið meiri á RÚV.

Almennt var mestu bætt við fréttatilkynningar í sjónvarpi. Aðeins ein frétt birtist þar sem um var að ræða fréttatilkynningu sem engu var bætt við. Það þýðir að 0,4% frétta í sjónvarpi voru óbreytt fréttatilkynning og kom fréttin frá einstaklingi. Litlu var bætt við fimmtung tilkynninga og miklu var bætt við 76,6%.

Langflestar innlendar fréttir birtust á vefmiðlunum, 1.892 talsins. Þar af byggðu 595 á fréttatilkynningum eða 31,4% sem var hæsta hlutfall allra miðla. Hæsta hlutfall einstakra fréttamiðla var einnig í vefmiðlum, en hlutfallið á mbl.is var 38,5%. Þar birtust einnig langflestar fréttir, tvöfalt fleiri en á næsta miðli, visir.is, sem var með næsthæsta hlutfallið á vefmiðlunum, 31,5%. Hlutfallið á dv.is var 21,1% og á pressan.is var það 12,6% sem var jafnframt lægsta hlutfall einstakra fréttamiðla.

Hlutfall fréttatilkynninga sem urðu að fréttum án þess að nokkru hefði verið bætt við var einnig hæst á vefmiðlunum. Um 65% fréttatilkynninganna voru þannig. Alls voru þetta 389 fréttir og var það 20,6% af heildarfjölda frétta á vefmiðlunum. Hlutfall þessara tilkynninga var nokkuð jafnt á mbl.is, visir.is og dv.is, en það var nokkru lægra á pressan.is. Litlu var bætt við tæplega fimmtung fréttatilkynninga, en miklu var bætt við aðeins rúmlega 10%.

Pressan.is bætti einnig mestu við tilkynningarnar, töluvert meira en visir.is og dv.is sem komu næstir. Hlutfall tilkynninga þar sem miklu var bætt við var lægst á mbl.is. Það skal þó aftur tekið fram að þar voru fréttir einnig langflestar sem skekkir samanburð á milli fréttamiðla.

Þegar allir miðlar eru teknar saman komu flestar tilkynningar, rúmlega þriðjungur, frá opinberum stofnunum, þar á eftir komu tilkynningar frá hagsmunafélögum og lögreglu, um fimmtungur frá hvorum hópi. Þar á eftir komu tilkynningar frá einstaklingum, fyrirtækjum, stjórnmálaflokkum og ráðuneytum.

60% almannatengla unnið sem fréttamenn

Í mars árið 2012 voru sendar út tvær mismunandi spurningakannanir. Annars vegar á fréttamenn þeirra ellefu fréttamiðla sem rannsakaðir voru og hins vegar félaga í Almannatengslafélagi Íslands. Í hvorum spurningalista voru tíu spurningar sem voru hugsaðar til þess að varpa ljósi á viðhorf þessara hópa til málefnisins.

Kynjaskiptingin í báðum hópum var nokkuð jöfn, um 55% karlar og 45% konur. Nokkur munur var á aldursdreifingu hópanna. Þannig voru rúmlega 70% fréttamanna undir fertugu og svipað hlutfall almannatengla yfir fertugu.

Tæplega 5% fréttamanna sögðust aldrei nota fréttatilkynningar við vinnslu frétta og störfuðu þeir allir á ljósvakamiðli. Aðrir sögðust nota fréttatilkynningar ýmist oft eða sjaldan. Hærra hlutfalli starfsmanna á ljósvakamiðlum fannst fréttatilkynningar vera slæmar heimildir og allir þeir sem töldu fréttatilkynningar vera mjög góðar heimildir störfuðu á vef- eða prentmiðlum. Þetta passar við niðurstöður greiningarinnar að fréttatilkynningar séu oftar notaðar við vinnslu frétta á vef- og prentmiðlum og að almennt sé minna bætt við þær á þeim miðlum.

Þá töldu um 75% fréttamanna tilkynningar frá lögreglu, Vegagerð og Veðurstofu vera betri heimildir en tilkynningar frá öðrum aðilum. Þetta passar einnig vel við greininguna, en stærsta einstaka uppspretta þeirra tilkynninga sem birtust án þess að nokkru væri bætt við var lögreglan.

Um 60% almannatengla sögðust hafa unnið sem fréttamenn og hafði tæplega helmingur þeirra mikla starfsreynslu í því fagi. Aðeins einn almannatengill sagði að reynsla sín af fréttamannastarfinu hjálpaði sér lítið í núverandi starfi. Aðrir sögðu að reynslan hafi hjálpað þeim ýmist frekar eða mjög mikið.

Allir almannatenglarnir sögðu það vera einhvern hluta af sinni vinnu að gera fréttatilkynningar. Rúmlega helmingur sagði það þó vera lítinn hluta af vinnu sinni og fjórðungur sagði það hvorki stóran né lítinn hluta. Þá voru rúmlega 40% almannatengla á því að auðvelt væri að fá fréttatilkynningar birtar í íslenskum fjölmiðlum.

Uppfylling eða auðveldun?

Á Íslandi eins og erlendis hefur blaða- og fréttamönnum fækkað á undanförnum árum. Þrátt fyrir það er krafan á starfsfólk að framleiða jafn mikið efni og áður var gert. Þegar blaðamenn

hafa takmarkaðan tíma til að vinna mikið efni er auðvelt fyrir þá að nota fréttatilkynningar oftar. Almannatenglar, sérstaklega þeir sem hafa reynslu af fréttamennsku, geta skrifað fréttatilkynningar sem blaðamenn geta birt óbreyttar. Þannig geta blaðamenn fyllt fréttakvótann sinn innan tímaramma.

Það er réttmæt vangavelta hvort öll vinna blaða- og fréttamanna sé í almannaþágu þegar uppruni tæplega 30% frétta er fréttatilkynningar frá ýmsum aðilum. Við þetta bætist sú staðreynd að rúmlega 15% allra frétta eru svo gott sem óbreyttar fréttatilkynningar. Þriðjungur þeirra voru reyndar tilkynningar frá lögreglu, Vegagerð og Veðurstofu, sem um 75% fréttamanna telja öruggari heimildir en tilkynningar frá öðrum aðilum og má færa rök fyrir því að óbreyttar séu þær í almannaþágu.

Miðað við það að hlutfall frétta sem byggðu á fréttatilkynningum lækkaði nokkuð þegar fréttamálin voru fleiri og fengu meiri umfjöllun er hægt að draga þá ályktun að fréttatilkynningar séu að einhverju leyti notaðar til þess að fylla upp í göt í blöðum og fréttatímum. Þessu er að vísu öðruvísi farið í vefmiðlum þar sem fjölgun fréttamála varð til þess að fréttum fjölgaði en hlutfall frétta sem byggðu á fréttatilkynningum breyttist lítið.

Munurinn á niðurstöðum þessarar rannsóknar og þeirra sem gerðar hafa verið á þessu málefni á Íslandi á undanförnum árum er ekki mikill. Þegar niðurstöðurnar eru hins vegar bornar saman við erlendar rannsóknir kemur í ljós að hlutfallið á Íslandi er mun lægra en erlendis. Í Bandaríkjunum var um helmingur frétta byggður á fréttatilkynningum og tæplega helmingur í Ástralíu og Bretlandi. Í Bandaríkjunum voru kannaðar fréttir í Wall Street Journal, í Bretlandi voru kannaðar fréttir í prent- og ljósvakamiðlum og í Ástralíu voru kannaðar fréttir í öllum miðlum.

Fimmta valdið?

Það er gömlu saga og ný að fjölmiðlar séu fjórða valdið í lýðræðissamfélagi og að þeir sinni þar mikilvægu aðhaldshlutverki. Ef almannatenglar geta með fréttatilkynningum og öðrum aðferðum haft áhrif á hvað er fjallað um í fjölmiðlum og hvernig það er gert má segja að þeir verði fimmta valdið.

Ef það verður þannig að upplýsingagjöf til fjölmiðla skipti meira máli en upplýsingaöflun fjölmiðlafólks er mögulegt að þeir sem veita þessa upplýsingagjöf verði fimmta valdið. Það er ekki þar með sagt að slæmt sé að nota fréttatilkynningar sem heimildir við vinnslu frétta, en gagnrýnin hugsun og sjálfstæð vinnubrögð fréttamanna ættu alltaf að koma við sögu.

Grein þessi er unnin upp úr lokaverkefni höfundar við Háskólann á Akureyri.



MÁLFARSHORN

Samræmi

Samræmi verður að vera:

Milli frumlags og sagnar

- Maðurinn sem kom í gær sagði …
- Tuttugu og einn maður fórst …
- Þúsundir manna slösuðust …

Milli nafnorðs og fornafnsins sem vísar til þess:

- Krakkarnir komu snemma heim, þeir sögðust …

Sagnir/tíðir

Sagnir innan setningar/málsgreinar skulu vera í sömu tíð. Ekki byrja á nútíð og fara svo í þátíð eða öfugt.

Gleymið ekki samsettu tíðunum:

- Halldór sagði (þt.) að kraftar hennar myndu (vth. þt.) nýtast
- *Halldór sagði (þt.) að kraftar hennar muni (vth. nt.) nýtast

(Ath. Stjörnumerkta setningin er ótæk)

Sagnir/hættir

- Boðháttur nefnist það form sagnar sem notað er til að gefa skipanir eða fyrirmæli.
- Boðháttur í 2. p.et. er stofn sagnarinnar án nokkurrar endingar:
  - **Far**ðu heim – **Far** þú heim
  - **Vel**du þennan – **Vel** þú þennan
  - **Sæk**tu lækninn – **Sæk** þú lækninn

- Í endursögn skal nota viðtengingarhátt:
  - Forseti segir að það **sé** …
  - Sakborningarnir sögðu að það **væri** …
  - *Ráðherra segir að það er …

(Ath. Stjörnumerkta setningin er ótæk)

- Viðtengingarhátt á að nota þegar um er að ræða samtengingarnar: „þó að“, „þótt“, „enda þótt“, „til að“ og „til þess að“:
  - Hann fór **þó að** hann **væri** ekki búinn
  - Hún beið **til þess að** hann **kæmist** með

- Samtengingin „að“ tekur ýmist framsöguhátt eða viðtengingarhátt eftir merkingu
- Framsöguháttur fylgir fullyrðingu
- Viðtengingarháttur fylgir ósk eða efa
  - Ég **veit**, að svo **fer** (fullyrðing)
  - Ég **hugsa**, að svo **fari** (vafi/óskhyggja)

- Í spurnarsetningum er framsöguháttur:
  - Geturðu sagt mér hvað klukkan **er**?
  - Þú sagðir mér ekki hvað klukkan **var** orðin margt!
  - Viltu athuga hvort nemendurnir **eru** mættir?
  - Óvíst er hvort nokkuð **verður** úr framkvæmdunum

Ég frétti það á Facebook

Vinsældir frétta á stærsta samfélagsvef heims



Eftir Lovísu Árnadóttur

1. Inngangur

Grein þessi fjallar um samspil frétta og Facebook og er byggð á samnefndri meistararitgerð minni. Hugmyndin að rannsókninni kviknaði þegar fram kom í fyrirlestri Guðmundar Hermannssonar, netfréttastjóra mbl.is, að fimmtungur þeirra sem heimsækja mbl.is á degi hverjum koma beint af Facebook. Þetta háa hlutfall kom á óvart. Þegar 20% lesenda veffréttamiðils, sem treystir á auglýsingasölu til þess að geta staðið undir sér, koma af slíkri síðu hlýtur það að hafa ýmis áhrif. Hefur það ekki áhrif á ritstjórnarstefnu ef vinsælustu fréttirnar fjalla um ákveðin málefni? Verður ekki að auka framboð af vinsælum fréttum svo hægt sé að sýna auglýsendum flottar aðsóknartölur á vefinn? En hvað þá með hin 80%, sem ekki koma af Facebook inn á mbl.is? Eru aðrar fréttir vinsælar hjá þeim hópi? Og þá hverjar?

Ákveðið var að kanna hvers konar fréttum er oftast deilt hjá notendum Facebook á mbl.is og hverjar þeirra ná mestum lestri. Niðurstaðan er svo borin saman við vinsælustu fréttir lesenda sem ekki eru að koma beint af Facebook inn á mbl.is. Einnig var gerð könnun meðal háskólanema til að rannsaka hvort þeir eru duglegir við að dreifa fréttum á Facebook, hvers konar fréttum þeir deila og af hverju.

Markmiðið með rannsókninni var að átta sig betur á því hvernig Facebook og fréttir spila saman, hvernig háskólanemar nota Facebook til að dreifa fréttum og hvaða áhrif þetta gæti mögulega haft á fréttamennsku. Niðurstöðurnar eru innlegg í umræðu um þróun fjölmiðla á Íslandi í dag og þær gefa jafnframt vísbendingu um stöðu Facebook sem markaðstæki fyrir fjölmiðla.

2. Hugmyndafræðilegur grunnur

Aðferðir til að miðla upplýsingum hafa tekið ótrúlegum breytingum síðustu áratugi. Þar með hefur skynjun okkar á boðskipti breyst og tilvera okkar öll. Ein stærsta breytingin hefur verið netið.

2.1 Netið gjörbyltir boðskiptum

Í bók sinni *The Internet Galaxy* (2001) líkir einn helsti fræðimaður á sviði internetsins, Manuel Castells, netinu við mikilvægi rafmagnsins í iðnbyltingunni. Alveg eins og rafmagnið gat borist á milli manna og heimila, þá getur internetið dreift upplýsingum á öllum sviðum mannlegrar virkni. Nú er svo komið að kjarninn af efnahagslegum gjörðum, félagslegum, stjórnmálatengdum og menningarlegum er skipulagður eða byggður upp á netinu. Netið er einnig öflugt tjáskiptatæki, en langflestir nota það í þeim tilgangi að vera í samskiptum við fólk; til dæmis með tölvupósti, Skype og þar til gerðum samskiptasíðum, sem njóta æ meiri vinsælda. Internetið er orðið að einu stóru „heimsþorpi“ (McLuhan, 1962) þar sem fólk getur átt samskipti án landamæra.

Óumdeilanlega hefur internetið haft gríðarleg áhrif á þróun fréttamiðla. Internetið er hinn eini sanni alþjóðlegi fréttamiðill, svo lengi sem ríkisstjórnir ritskoða það ekki og að nettengd tölva sé við höndina. Milljónir manna hafa beinan aðgang að fréttum í gegnum netið og aðgang að hundruðum þúsunda fréttaveitna. Notandinn velur sjálfur hvað hann kýs að lesa, skoða og trúa í stað þess að láta ritstjórnir hefðbundinna miðla velja fyrir sig. Að auki hefur internetið bein fjárhagsleg áhrif á fjölmiðla því það er orðið erfiðara að fá fólk til að borga fyrir fréttirnar þegar svo auðvelt er að nálgast ókeypis fréttir á netinu. Til að vega upp á móti því tekjutapi hefur auglýsingasala á netinu orðið mikilvæg afkomu veffréttamiðla.

2.2 Samfélagsmiðlar verða til

Með aukinni tækni komu einnig svokallaðir samfélagsmiðlar til sögunnar. Í grunninn eru samfélagsmiðlar sú breyting sem hefur átt sér stað á aðferðum fólks til að finna, lesa og deila fréttum, upplýsingum og innihaldi. Áður voru samskipti fjölmiðlanna einhliða, þ.e. miðlarnir sögðu frá og fólkið hlustaði (Denis McQuail, 2005). Það hafði ekki tækifæri til að svara eða segja sína skoðun. Með tilkomu samfélagsmiðla „eru fréttir færanlegar á milli staða, sniðnar að persónulegum áhuga og opnar fyrir þátttöku. Fyrir neytandanum eru fréttir orðnar að félagslegri athöfn“ (Rainie, 2010). Upphaf samfélagsmiðla má rekja til ársins 1995 þegar athugasemdakerfin komu til sögunnar (Newman, 2009). Þau þróast svo út í blogg um árið 2001 og svo springur þetta út árið 2006 þegar Facebook nær almennum vinsældum.

Í dag er félagsleg tengslamyndun[1] með samfélagsmiðlum eitt það helsta sem fólk tekur sér fyrir hendur á netinu í gegnum samfélagsmiðla og nægir þar að nefna að 76% Íslendinga gera það (Hagstofa Íslands, 2011a). Þar af nota 96% í aldurshópnum 16-24 ára samskiptasíður reglulega og 88% í aldurshópnum 25-34 ára. Athygli vekur að 37% fólks á aldrinum 65-74 ára nota samskiptasíður.

2.3 Fréttirnar breytast

Andrew Marr, breskur blaðamaður, segir að hugmyndin um fréttir hafi breyst í gegnum árin. „Þær hafa breyst úr því að vera til upplýsinga í að vera hannaðar til að framleiða tilfinningaleg viðbrögð með öllum mögulegum ráðum, því öfgakenndari viðbrögð, því betra“ (2004: 381). Þessar fréttir hafa oft verið nefndar „infotainment“ fréttir og fjölmiðlar sagðir leggja sífellt meiri áherslu á þær í umfjöllun sinni. Orðið „infotainment“ er sett saman úr orðunum „information“ og „entertainment“ og notað um efni sem á að fræða en er einnig til þess fallið að auka vinsældir miðilsins (Demers, 2005), eða í stuttu máli; afþreying í formi frétta. Framsetningin er aðalatriðið en ekki innihaldið (Thussu, 2009). Þessar fréttir beri örri þróun í fjölmiðlun vitni, þar sem mikil áhersla sé lögð á hraða í klippingum, myndræna grafík og lógó og jafnvel fyrirsagnir sem hafa bein áhrif á skoðanamyndun almennings. Þetta síðastnefnda má einnig yfirfæra á fyrirsagnir frétta á skrifuðu máli.

Kannski má segja að skilgreining á hugtakinu „frétt“ hafi breyst með tækniframförum og auknu framboði af fjölmiðlum. Hefðbundin skilgreining er: „Frétt er frásögn af atburði eða fyrirbæri sem almenning varðar um og ekki var áður kunnugt um“ (Þorbjörn Broddason, 2008). Þá má einnig segja að „frétt“ sé hvað það sem almenningi finnst fréttnæmt. Og það getur verið ansi margt. Nick Bilton, blaðamaður hjá New York Times, skrifaði: „Fréttir eru hvorki skilgreindar af dagblöðum eða sjónvarpsstöðum. Fréttir er það sem hefur þýðingu fyrir hvern og einn – ... það sem Facebook kallar „fréttaveitu“ sína.“ (2010).

90% Íslendinga nýta netið í að skoða fréttavefi eða vefútgáfur dagblaða og tímarita (Hagstofa Íslands, 2011b), en svo margir eru ekki borgandi áskrifendur að Morgunblaðinu, til þess að nefna dæmi. En það hlýtur þá að þýða að aðsókn á heimasíðu fjölmiðla sem fjármagna sig með auglýsingatekjum verður sífellt mikilvægari. Andrew Currah, kennari við háskólann í Oxford og sérfæðingur í stafrænni hagfræði og framtíð internetsins, segir í bók sinni *What's happening to our news* (2009) að þar sem neytendur eyða sífellt minni tíma í að fylgjast með hefðbundum fréttaveitum í sjónvarpi og útvarpi og meiri tíma í stafrænar fréttaveitur hafa hagsmunaaðilar beint sjónum sínum í auknum mæli til stafrænna dreifenda. Eins og Facebook. Tenglar á fréttaveitu Facebook eru farnir að gegna stóru hlutverki í að beina fólki inn á hefðbundið fréttaefni á netinu og „með tímanum geta samfélagsmiðlar orðið jafn mikilvægir og leitarvélar til að fá umferð um vefsíðu og þar með tekjur“ (Newman, 2009: 2).

Currah telur að smellistraumurinn verði áhrifamikill í þróun vefmiðla og að það auki þrýstinginn á fréttamenn að framleiða efni sem vekur athygli almennings. Einnig er hættan sú að ritstjórar taki skammtímaákvarðanir um efnistök sem byggðar eru á smellistraumnum, í stað þess að hugsa um gæði efnisins og ritstjórnarlegt gildi (2009).

1 Social networking.

3. Aðferð

Niðurstöðurnar fengust úr tvíþættri megindlegri rannsókn. Annars vegar var gerð könnun meðal háskólanema um notkun þeirra á fréttatenglum á samskiptavefnum Facebook. Hins vegar var rýnt í tölulegar upplýsingar frá mbl.is. Gögnin samanstóðu af listum yfir vinsælustu fréttir sem deilt var á Facebook á tveimur mismunandi tímabilum, yfir fjölda þeirra sem heimsóttu vefinn af Facebook, tíðni smella á hverja frétt af Facebook og hversu margar flettingar vefurinn fékk í kjölfarið. Að auki fengust sömu gögn yfir fréttir hjá þeim lesendum sem ekki komu inn á vefinn frá Facebook.

Rannsóknin tekur til tveggja tímabila, frá og með 1. september 2009 til og með 31. janúar 2010 annars vegar og svo hins vegar sama tímabil ári síðar, frá og með 1. september 2010 til 31. janúar 2011. Þessi ákveðnu tímabil voru valin af tveimur ástæðum. Annars vegar tók mbl.is til notkunar „Líkar“ hnappinn á vormánuðum 2010 en með honum var öllu auðveldara fyrir Facebook-notendur að deila fréttum með vinum sínum. Áður var einungis boðið upp á „Deila“ hnapp. Hins vegar er aðsókn á mbl.is árstíðabundin og því betra að nota sama tímabil með árs millibili.

Ákveðið var að gera könnun meðal háskólanema, þar sem engar íslenskar rannsóknir um samspil frétta og Facebook voru til. Meirihluti háskólanema er einnig á þeim aldri sem helst notar Facebook samkvæmt Hagstofu Íslands (2011a). Alls tóku 1.287 nemendur HÍ þátt í könnuninni og langflestir voru á aldrinum 18-34 ára.

Háskólanemar voru meðal annars beðnir að svara af hverju þeir deila fréttum á Facebook, hversu oft þeir fara inn á Facebook og hversu oft þeir fara inn á veffréttamiðil, hvort þeim þyki mikilvægt að geta deilt fréttum á Facebook, hversu oft þeir skoðuðu tengla sem vinir þeirra deildu, hvort þeir hafi fengið fyrstu fréttir á Facebook og þeir beðnir að gefa upp fyrirsagnir síðustu þriggja frétta sem þeir deildu. Við síðustu spurningunni bárust alls 1.415 fyrirsagnir og þeim var skipt í eftirfarandi flokka: Hefðbundnar fréttir, skemmtifréttir, íþrótta- og heilsufréttir, fréttatengdir pistlar, almennir pistlar og annað. Fréttirnar komu bæði úr prent- og sjónvarpsmiðlum á netinu.

Undir *hefðbundnar fréttir* flokkuðust innlendar sem erlendar fréttir af til dæmis efnahags- og lögreglumálum, pólitík, samgöngumálum og öðrum framkvæmdum, hamförum og andlátum. Undir *skemmtifréttir* flokkuðust afþreyingarfréttir, fréttir af fræga fólkinu, skrítnar eða sniðugar fréttir, innslög úr sjónvarpsþáttum og fréttir af dýrum. Svokallaðar „infotainment“ fréttir flokkuðust einnig undir skemmtifréttir. Undir „infotainment“ falla til dæmis viðtöl við fólk sem hefur gengið í gegnum mikla erfiðleika, viðtöl við Íslendinga sem eru að gera það gott í útlöndum og svo framvegis. Íþrótta-

fréttir, greinar og blogg um íþróttir eða heilsurækt fóru undir *íþrótta- og heilsufréttir*. Í *fréttatengda pistla* fór efni sem fjallaði um hefðbundin fréttaefni og geta verið innlegg í þjóðfélagsumræðuna þegar fólk dreifir þeim á Facebook. Í flokkinn *almennir pistlar* fóru greinar, pistlar og blogg um daglegt líf, fræga fólkið, kynlíf eða afþreyingu ýmiss konar. Það sem ekki átti heima í þessum flokkum fór í *annað*. Tilgangurinn með flokkunum var að sjá hversu mikið vægi hver þeirra fær á Facebook hjá háskólanemum.

4. Niðurstöður

4.1 Niðurstöður úr könnun meðal háskólanema


Langflestir háskólanemar, eða 85%, fara inn á Facebook daglega eða oft á dag. 42% háskólanema finnst mikilvægt að geta deilt fréttum á Facebook, en aðeins 20% svarenda fannst það ekki mikilvægt. Þrír fjórðu svarenda hafa fengið fyrstu fréttir af einhverju fréttnæmu á Facebook og næstum því allir, eða 97%, skoða stundum eða oft þá tengla sem vinir þeirra á Facebook deila. Það sýnir að þrátt fyrir að stór hluti háskólanema kjósi að deila ekki fréttum eða finnist ekki mikilvægt að sá möguleiki sé fyrir hendi, þá borgar sig fyrir fréttamiðla að bjóða upp á slíka deilingu. Háskólanemar sögðust helst dreifa fréttum til gamans, til að vekja athygli á ákveðnu málefni eða deila skoðunum sínum og fá viðbrögð við þeim. Stór hluti háskólanema segist dreifa fréttum um það sem skiptir þá máli og svo fyndnum/sérkennilegum fréttum.

Mynd 1 sýnir fjölda frétta í hverjum flokki af þeim 1.415 fréttum sem háskólanemar deildu síðast.

Í prósentum talið eru hefðbundnar fréttir 24%, 31% skemmtifréttir, 10% íþrótta- og heilsufréttir, 10% annað, 9% eru fréttapistlar og 16% eru pistlar ýmislegt. Til að fá sem besta mynd af vægi skemmtiefnis á Facebooksíðum háskólanema er gott að sameina flokkana *skemmtifréttir* og *pistlar ýmislegt* enda hið síðarnefnda iðulega grínpistlar eða pistlar um samskipti kynjanna. Eins og sjá má á mynd 2 er þetta efni helmingur alls efnis sem háskólanemar deila á Facebook.

Á sama hátt er hægt að sameina flokkana hefðbundnar fréttir og fréttapistla og þá sést að hefðbundnar fréttir eru um þriðjungur þess sem háskólanemar deila á Facebook.

Töluverður munur reyndist á fréttum sem kynin deila. Konur eru miklu líklegri en karlar til að dreifa afþreyingar-



Mynd 1: Fjöldi frétta eftir flokkum.



Mynd 2: Vægi skemmtifrétta og ýmissa pistla.



Mynd 3: Vægi hefðbundinna frétta og fréttapistla.

efni í formi „infotainment" frétta og pistla, á meðan karlar eru líklegri til að dreifa hefðbundnu fréttaefni og íþróttafréttum.

4.2 Niðurstöður úr tölulegum gögnum mbl.is

Í síðara hluta rannsóknarinnar voru listar yfir vinsælustu fréttir fjórðu hverrar viku bornir saman, annars vegar þeirra lesenda sem koma beint af Facebook og hins vegar þeirra sem koma eftir öðrum leiðum. Að lokum voru topplistar yfir

Tafla 1: Fréttir sem fengu flestar tilvísanir frá Facebook á fyrri helmingi fyrra tímabils, frá 31. ágúst-15. nóvember 2009

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Ótrúlegar myndir af háskafor smábarns - mbl.is	6042	12052
Tóbak verði tekið úr almennri sölu - mbl.is	4340	8047
Ol 34,8 marka dreng - mbl.is	3876	9639
Fyrsta dauðfallið hér - mbl.is	2714	6152
Facebook afhjúpaði innbrotsþjófinn - mbl.is	2302	5449
Blekkingum beitt á YouTube - mbl.is	2256	5398
Hvað er þetta annað en kvenfyrirlitning? - mbl.is	1906	3878
112 ára maður giftist 17 ára stúlku - mbl.is	1730	3432
McDonalds hættir - Metro tekur við - mbl.is	1640	3456
Hættulegt að vera með mjó læri - mbl.is	1609	3431
Skuggaverur á sveimi á Akureyri - mbl.is	1575	3306
Þetta er bara allt farið í steik - mbl.is	1383	3323
Skjaðinn verður áskriftarstöð - mbl.is	1351	3391
Mælt með að konan sé yngri og klárari - mbl.is	1349	2877
McDonald s hættir - Metro tekur við - mbl.is	1329	2599
Fólkið - mbl.is	1269	4644
Klósettslanga loks handsömuð - mbl.is	1266	3149
Dyrkar Jackson - mbl.is	1160	2069
Barnungra bræðra gæti beðið lífstíðarfangelsi - mbl.is	1154	2472
Nakinn og til vandræða - mbl.is	1075	2255
Helgi Hóseasson látinn - mbl.is	1043	2846
Hinrik Hugi sló 48 ára gamalt met við fæðingu - mbl.is	936	2174
Tóbak hættulegra en LSD - mbl.is	912	1720
Kærður fyrir slæmar brúðkaupsmyndir - mbl.is	897	3399
Facebook kom unglingi til bjargar - mbl.is	853	1629
Samtals:	**45967**	**102787**

Tafla 2: Vinsælustu fréttir mbl.is hjá þeim sem ekki voru að koma af Facebook á fyrri helmingi fyrra tímabils, frá 31. ágúst-15. nóvember 2009

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Búið að bera kennsl á manninn - mbl.is	68603	73703
Lést í vinnuslysi - mbl.is	55984	60539
Flosi Olafsson er látinn - mbl.is	50200	54497
Konu og 2 ára syni hennar vísað úr flugvél - mbl.is	47396	49748
Valdir að banaslysi - mbl.is	47157	49310
Ævintýri á bílastæði - mbl.is	46574	69229
„Bubbi dró nánast úr okkur lífsneistann - mbl.is	45232	46165
Enginn vill sjá þrýstnar konur - mbl.is	43287	46039
Ætlar að hætta í vinnunni eftir lottóvinning - mbl.is	42538	44153
Guðjón Magnússon látinn - mbl.is	41839	43582
Íslendingur alvarlega slasaður í Noregi - mbl.is	41728	44533
Fannst látinn á Langasandi - mbl.is	41720	44721
Sængaði hjá föður sínum - mbl.is	40743	42087
Fangavaktinni stolið - mbl.is	40708	42448
Vann 35 milljónir í Lottó - mbl.is	40213	43707
Kynlíf fyrir hæmilisfriðinn - mbl.is	39213	41811
Andlát: Stefán Már Harðarson - mbl.is	39044	40656
12 ára lést við fæðingu barns - mbl.is	38908	40108
Andlát: Árni Grétar Finnsson - mbl.is	38536	39763
Bergur Guðnason látinn - mbl.is	38279	39826
Eg átti hæmingjusamt líf og skuldaði aldrei - mbl.is	38250	39546
Dýrt næturævintýri Íslendings - mbl.is	37975	40287
Kærð fyrir kynlífsóhljóð - mbl.is	37569	39310
Sleppt af dauðadeild - lést í bílslysi - mbl.is	37300	38643
Guðrún fallegust á EM - mbl.is	37158	39000
Samtals:	**382232**	**398950**

25 vinsælustu fréttirnar yfir hvort tímabil skoðaðir og bornir saman og fréttirnar flokkaðar eftir sama kerfi og fyrirsagnir háskólanema voru flokkaðar. Alls voru settar inn 21.099 fréttir á mbl.is á fyrra tímabilinu og 22.329 fréttir á því síðara. Það reyndist of þungt í vöfum að fá einn topplista yfir hvort tímabil fyrir sig og því var tímabilunum skipt í tvennt.

Þegar fyrirsagnirnar eru skoðaðar í töflu 1 má telja sex fréttir, sem teljast til hefðbundinna frétta. Aðrar fyrirsagnir á listanum gefa til kynna að um afþreyingarfréttir sé að ræða, eða þær eru óljósar og vísvitandi verið að lokka lesandann til að smella á tengilinn að mati rannsakanda. Tilvísanir frá Facebook eru ekki margar, en sú sem fær þær flestar yfir allt tímabilið fær aðeins um 6 þúsund heimsóknir.

Tafla 3: Fréttir sem fengu flestar tilvísanir frá Facebook á seinni helmingi fyrra tímabils, frá 16. nóvember 2009-31. janúar 2010

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Sjónvarp mbl.is - mbl.is	4667	8131
Tekur c-strengur við af g-streng? - mbl.is	4380	8093
Brittany Murphy látin - mbl.is	2817	8404
Teikningar Halldórs - mbl.is	1547	10058
Lést á fótboltaæfingu - mbl.is	1247	2536
Jón Gnarr í framboð - mbl.is	1229	2566
Fallegasti maður í heimi - mbl.is	1215	2619
Var talinn vera í dái í 23 ár - mbl.is	1109	3083
G-blettunnn finnst ekki - mbl.is	1042	2184
Ormur sem dreifir sér í gegnum Facebook - mbl.is	966	1783
Feitur matur fitar ekki - mbl.is	812	1785
Tilkynnt um ísbjörn - mbl.is	805	2432
Frost synjað um áframhaldandi landvistarleyfi - mbl.is	791	1810
Stærsti og minnsti maður heims hittast - mbl.is	784	1395
Afengislíki án timburmanna í þróun - mbl.is	779	1855
Mynd - mbl.is	768	2088
Ásdís Rán hent út af Facebook - mbl.is	761	1478
Áðhaldsnærfold fyrir bjórvömbina - mbl.is	759	1530
„Hatt-búar sendu við djöfulinn - mbl.is	745	1830
Vilja banna bjórkvöldin - mbl.is	720	1237
Fólskulegt brot Framarans - myndaröð - mbl.is	696	2393
Kraftaverk á jólum: móður og barn lifnuðu við - mbl.is	684	1697
„Þá skaltu líka lifa" - mbl.is	578	1266
Ógrandi próflokaskemmtun brýtur gegn lögum - mbl.is	563	1012
Fólkið - mbl.is	557	1730
Samtals:	**31021**	**74995**

Tafla 4: Vinsælustu fréttir mbl.is hjá þeim sem ekki voru að koma af Facebook á seinni helmingi fyrra tímabils frá 16. nóvember 2009-31. janúar 2010

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Banaslys á Hafnarfjarðarvegi - mbl.is	84571	98179
Lést í umferðarslysi á Hafnarfjarðarvegi - mbl.is	64464	69260
Lést á Langjökli - mbl.is	61802	67494
Lést á fótboltaæfingu - mbl.is	51633	56298
Fannst látinn í Hvalfirði - mbl.is	51600	54912
Brittany Murphy látin - mbl.is	50918	56101
Fegurðardrottning deyr eftir lýtaaðgerð - mbl.is	50322	52058
Sýnd óvart brjóstin - mbl.is	49538	52205
Margir missa vinnuna á RÚV - mbl.is	49066	55121
Tekur c-strengur við af g-streng? - mbl.is	48793	54256
Hrikalegt val föður - mbl.is	46507	48111
Búið að bera kennsl á lík - mbl.is	46369	47869
Líkfundur í Hafnarfirði - mbl.is	46264	49406
Íslendingar léku með sorgarbönd - mbl.is	44896	48864
Lést í umferðarslysi á föstudag - mbl.is	44632	47526
Lést af slysförum í Noregi - mbl.is	44426	46638
Fannst látinn í Norðurá - mbl.is	43442	46005
Hélt að hún væri rosalega fræg - mbl.is	43212	44703
Haldið sofandi í öndunarvél - mbl.is	41835	44288
Eins og blaut tuska í andlitið - mbl.is	40908	43082
Var veitt hjartahnoð eftir hjartaáfall í ræktinni - mbl.is	40592	41977
Andlát ungs lottóvinningshafa rannsakað - mbl.is	40220	41362
Lést samstundis í vinnuslysi - mbl.is	40082	42344
Hvernig Elín komst að ótryggð Tigers - mbl.is	39862	41667
Verða að rífa sumarhús sitt - mbl.is	39738	40919
Samtals:	**1205692**	**1290645**

Fleiri hefðbundnar fréttir rata inn á listann yfir vinsælustu fréttir þeirra sem koma inn á mbl.is eftir öðrum leiðum en Facebook, eða 11. Langflestar þeirra tengjast andlátsfréttum eða slysum. Það sem vekur mesta athygli þegar töflur 1 og 2 eru bornar saman, er að ekki ein einasta frétt er á báðum listum.

Fimm fréttir eru á listanum í töflu 3 þar sem fyrirsögnin tekur af allan vafa að um hefðbundna frétt sé að ræða. Aðrar fréttir á listanum eru skemmtifréttir.

Í töflu 4 má sjá 16 hefðbundnar fréttir á listanum. Þær tengjast allar dauðsföllum og/eða slysum nema ein.

Í töflu 5 má aðeins finna eina hefðbundna frétt; „Laxerolía í samlokum í Brekkubæjarskóla á Akranesi". Hún er í 14. sæti listans.

Tafla 5: Fréttir sem fengu flestar tilvísanir frá Facebook á fyrri helmingi seinna tímabils, frá 30. ágúst 2009-14. nóvember 2010

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Íslenskir tvífarar Justin Bieber njóta kvenhylli - mbl.is	23702	47234
Rifur sig úr fyrir aðdáanda	21772	40681
Reykti marijúana í beinni útsendingu	15615	40178
Sjónvarp	13248	22518
Kynntust á stefnumótasíðu fyrir ljótt fólk	13224	29030
Heitasta stjarna Íslands	12752	30730
Safnaði naflaaustri í 26 ár	11413	22774
mbl.is - Fréttir	10888	40664
Kærasta Baldvins hatar Volu Grand	10170	25985
Endaði í orgíu í Breiðholti	9876	19022
Oldruð hjón unnu milljarð og gáfu allt - mbl.is	9709	20577
Of kynþokkafull til að kenna börnum	9186	19691
Pabbi Volu Grand í vandræðalegri uppákomu - mbl.is	8280	17523
Laxerolía í samlokum í Brekkubæjarskóla á Akranesi - mbl.is	8196	15960
Húðflúraði kynfæri á bak vinar síns	8152	16593
Fundu nakinn dóna í fataskápnum	7311	16147
Einhverfur drengur í búri í frímínútum	7061	15695
„Skinkur eru bara venjulegt fólk"	6932	13467
Kafaði á brjósti kvendómara	6771	14992
Berar að ofan í vinnunni	6732	14581
„...Ertu ekki að djóka?" - mbl.is	6713	13718
Verslanir Kringlunnar opnar til miðnættis - mbl.is	6615	12662
Gunnar vann í 1. lotu - mbl.is	6210	13124
Nakinn og til vandræða - mbl.is	6101	11833
Sjónvarp - mbl.is	5989	11462
Samtals:	**252618**	**546841**

Tafla 6: Vinsælustu fréttir mbl.is hjá þeim sem ekki voru að koma af Facebook á fyrri helmingi seinna tímabils frá 30. ágúst-14. nóvember 2010

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Banaslys á Hafnarfjarðarvegi - mbl.is	84571	98179
Lést í umferðarslysi á Hafnarfjarðarvegi - mbl.is	64464	69260
Lést á Langjökli - mbl.is	61802	67494
Lést á fótboltaæfingu - mbl.is	51633	56298
Fannst látinn í Hvalfirði - mbl.is	51600	54912
Brittany Murphy látin - mbl.is	50918	56101
Fegurðardrottning deyr eftir lýtaaðgerð - mbl.is	50322	52058
Syndi óvart brjóstin - mbl.is	49538	52205
Margir missa vinnuna á RÚV - mbl.is	49066	55121
Tekur c-strengur við af g-streng? - mbl.is	48793	54256
Hrikalegt val foður - mbl.is	46507	48111
Búið að bera kennsl á lík - mbl.is	46369	47869
Líkfundur í Hafnarfirði - mbl.is	46264	49406
Íslendingar léku með sorgarbönd - mbl.is	44896	48864
Lést í umferðarslysi á föstudag - mbl.is	44632	47526
Lést af slysförum í Noregi - mbl.is	44426	46638
Fannst látinn í Norðurá - mbl.is	43442	46005
Hélt að hún væri rosalega fræg - mbl.is	43212	44703
Haldið sofandi í öndunarvél - mbl.is	41835	44288
Eins og blaut tuska í andlitið - mbl.is	40908	43082
Var veitt hjartahnoð eftir hjartaáfall í rækt - mbl.is	40592	41977
Andlát ungs lottóvinningshafa rannsakað - mbl.is	40220	41362
Lést samstundis í vinnuslys - mbl.is	40082	42344
Hvernig Elín komst að ótryggð Tigers - mbl.is	39862	41667
Verða að rífa sumarhús sitt - mbl.is	39738	40919
Samtals:	**1205692**	**1290645**

Níu fréttir af dauðsföllum og alvarlegum slysum eru á listanum í töflu 6. Þrjár fréttir til viðbótar fjalla um dauðann á einhvern hátt.

Fjórar fréttir eru á báðum listum. Tvær þeirra eru um Völu Grand og ævintýri hennar, hinar tvær hafa kynferðislega skírskotun í fyrirsögn; „Endaði í orgíu í Breiðholti“ og „Of kynþokkafull til að kenna börnum“.

Tafla 7: Fréttir sem fengu flestar tilvísanir frá Facebook á seinni helmingi seinna tímabils, frá 15. nóvember 2010-6. febrúar 2011

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Eldgos hafið í Heklu - mbl.is	24417	69774
Elsta systkinið gáfaðast - mbl.is	19410	37558
Hedin: Berjið Alexander - mbl.is	13542	37426
Sjónvarp - Vala Grand: Á bikini í Ungfrú Ísland prufum	13088	28407
Níu ára barni með skólatösku vísað úr strætó - mbl.is	12079	24728
Litur þessi 14 ára drengur út fyrir að vera 24? - mbl.is	11865	24115
Sjónvarp - Gillz skeinir Nilla	11618	30199
29 ára afi - mbl.is	11306	25175
Tynd stúlka finnst eftir 23 ár - mbl.is	10703	21120
Stundaði sjálfsfróun í kvikmyndahús yfir Harry Potter	9631	20317
Stal Usher af Hómer Simpson? - mbl.is	9578	22028
mbl.is - Frettir	9104	35362
Geimverubarn á leiðinni?	9034	18377
Sjónvarp - Vala horfir á Audda og Sveppa gera grín að sér	8902	22476
Logi Geirs bjarn að missa það - selur bókina í strætó	8764	19930
Vala Grand í Ungfrú Ísland - „Draumur að rætast“	8690	21441
Skar beikjarbróður sinn á háls í frímínútum - mbl.is	8596	17154
Bensínlítrinn á 91,20 á Akureyri - mbl.is	7818	17620
Sjónvarp - Ásdís Rán og Osk á nærfötunum	7618	15646
Sá sig í Google Earth og missti 45 kíló	7546	16629
Leggið þetta nafn á minnið - mbl.is	7511	15599
Jörðin eignast nýja sól - mbl.is	7397	15645
Vilja seinka klukkunni - mbl.is	7258	13960
Dýr marsók: Torres í Mosfellsbæ - mbl.is	6755	14086
Íslenskar stelpur safna skapahárum - mbl.is	6120	12425
Samtals:	**258350**	**597197**

Á þessum lista eru þrjár fréttir sem eru ótvírætt hefðbundnar fréttir að mati rannsakanda. Þar á meðal lesna fréttin, „Eldgos hafið í Heklu“, en við nánari skoðun kom í ljós að vinsælasta fréttin var hálfgert gabb, því um var að ræða nokkurra ára gamla frétt. Svo virðist sem einhverjir hafi viljað kanna mátt Facebook í að bera út fréttir og það heppnaðist svo sannarlega, því fréttin fékk um 24.500 heimsóknir af Facebook og olli nokkrum usla (mbl.is, 2011, *Hekla fór að gjósa á Facebook*).

Tafla 8: Vinsælustu fréttir mbl.is hjá þeim sem ekki voru að koma af Facebook á seinni helmingi seinna tímabils, frá 15. nóvember 2010-6. febrúar 2011

Fyrirsögn	Heimsóknir	Flettingar
Lést í umferðarslysi - mbl.is	134972	142457
Sigurjón Brink bráðkvaddur - mbl.is	66571	72928
Brjóstin heldust varla í kjólnum - mbl.is	58423	62983
Litur þessi 14 ára drengur út fyrir að vera 24? - mbl.is	55990	61327
Létust á brúðkaupsnóttunni - mbl.is	49745	51112
Tynd stúlka finnst eftir 23 ár - mbl.is	49493	51348
Kærasta Ronaldos nakin gegn vilja sínum	48854	52085
Hedin: Berjið Alexander - mbl.is	46563	50790
Banaslys í Langadal - mbl.is	46037	51342
Sjónvarp - Vala Grand: Á bikini í Ungfrú Ísland prufum	45870	50899
Óttast að Frakkar tapi viljandi fyrir Íslandi - mbl.is	44836	48230
Líðan Péturs stöðug - mbl.is	44172	46403
Rokkstjarna í kynlífshneykslí	43495	46385
Banaslys á Snæfellsnesi - mbl.is	42746	45097
Lýst eftir stúlku - mbl.is	42735	45005
Leikari úr Ljótu Betty myrti móður sína	42676	46273
Grætur sig í svefn í kvöld - mbl.is	42198	43912
Íslenskar stelpur safna skapahárum - mbl.is	41775	44811
Skar beikjarbróður sinn á háls í frímínútum - mbl.is	41527	43609
Níu ára barni með skólatösku vísað úr strætó - mbl.is	40293	42846
Hryggbrotnaði í handboltaleik - mbl.is	40253	41290
Brúður fannst látin á hótelherbergi - mbl.is	39623	41337
Kalin á hjarta eftir Facebook-færslu - mbl.is	39442	44063
Jólahúsið þykir orðið of vinsælt	39419	41044
Kvartað undan Audda og Sveppa - mbl.is	39327	42385
Samtals:	**1227035**	**1309961**

Töluvert fleiri hefðbundnar fréttir eru á þessum lista en listanum yfir flestar tilvísanir frá Facebook, eða átta. Þar af fjalla fimm um dauðsföll eða banaslys.

Að þessu sinni eru sjö fréttir á báðum listum. Tvær þeirra eru hefðbundnar fréttir.

5. Umræður

Rannsóknin sýnir fram á að skemmtiefni er ákaflega vinsælt efni á mbl.is og hjá háskólanemum. Hefðbundnar fréttir eru síður vinsælar. Miðað við þær fréttir sem raða sér á vinsældalista mbl.is má sjá að máttur fyrirsagnarinnar er mikill. Iðulega sjást fyrirsagnir sem gera það að verkum að lesandinn er engu nær um innihald fréttarinnar og verður að smella á tengilinn til að komast að því. Í blaðamennsku hefur löngum verið kennt að fyrirsögn eigi ekki að vera löng, draga saman kjarnann úr efni fréttarinnar, fanga athygli lesandans, vera á vönduðu máli og hún geti staðið ein og sér. Hún ætti heldur ekki að afhjúpa persónulega skoðun fréttamannsins á málinu. Að einhverju leyti virðist þetta vera að breytast. Rannsakanda finnst líklegt að ástæðan sé þróun fjölmiðla úr hefðbundnum prentmiðlum eða sjónvarpi í netmiðla, að nú skipti öllu máli að forvitni lesandans ráði för og hann smelli á tengilinn. Dæmi um fyrirsagnir af þessu tagi eru: „Ertu ekki að djóka?“ og „Litur þessi 14 ára drengur út fyrir að vera 24?“. Þá má oft sjá erlendar fréttir á vinsældalistum mbl.is, sem gætu flokkast sem hefðbundin mál, en þær fjalla yfirleitt um ákaflega sérstök mál eða eru til þess fallin að vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá lesendum. Dæmi um slíka fréttir eru: „Vill dauðadóma fyrir falska meydóma“, „Einhverfur drengur í búri í frímínútum“ og „Þunguð kona lifði af að vera stungin 24

sinnum og skotin“. Þetta er gott dæmi um „infotainment“ fyrirsagnir í íslenskum fjölmiðli og rennir styrkum stoðum undir orð blaðamannsins Andrews Marr, að fréttir eigi nú að vekja upp tilfinningaleg viðbrögð notandans og því ýktari því betra.

Þá sýnist rannsakanda líklegt að þær fréttir sem flestar tilvísanir fá frá Facebook hafi þannig fyrirsagnir að þær bjóði upp á umræðu við vinina á Facebook með þar til gerðu plássi fyrir athugasemdir. Nánast eins og þær séu sérhannaðar til dreifingar á Facebook. Til dæmis „Fallegasti maður heims“ eða „Elsta systkinið gáfaðast“. Þessar niðurstöður styðja það sem áður kom fram að fréttir séu nú opnar fyrir þátttöku almenning og félagsleg athöfn (Rainie, 2010). Þetta er einnig í samræmi við könnunina meðal háskólanema sem sýndi að þeir vilja einna helst dreifa fréttum til gamans.

Tilvísunum frá Facebook fjölgar mjög mikið á milli ára. Nærtækast væri að tala um „sprengingu“ hvað það varðar. Á fyrri helmingi tímabilanna fara tilvísanir úr 46 þúsundum í tæplega 252 þúsund og á seinni helmingi úr 31 þúsundi í 258 þúsund. Gríðarlega aukningu á heimsóknum frá Facebook er ekki hægt að skýra eingöngu með auknum fjölda Íslendinga á Facebook yfir tímabilið eða fleiri fréttum á mbl.is. Það verður því að teljast afar líklegt að tilkoma „Líkar“ hnappsins hafi haft mikið um þetta að segja. En þó svo að tilvísanir frá Facebook hafi verið heldur fáar á fyrra tímabili, þá skila þær mjög mörgum flettingum. Dæmi var um fjórtánföldun tilvísana frá Facebook á milli ára í rannsóknargögnunum. Það er því miklu líklegra að fólk dreifi fréttum ef það er „Líkar“ hnappur til staðar, en ekki einungis „Deila“ hnappur. Miðað við niðurstöður úr rannsókn meðal háskólanema eru yfirgnæfandi líkur eru á því að fólk á aldrinum 18-34 ára smelli á tengla sem birtast á fréttaveitu þeirra á síðunni og því ætti að gera öllum auðvelt fyrir að dreifa fréttum á Facebook. Ef vefmiðill sýnir skjót viðbrögð við stórum fréttamálum og birtir tengil sem fyrst á Facebook er líklegt að hann fangi athygli háskólanema á Facebook.

Niðurstöðurnar sýna að þó svo að afþreyingafréttir fái flestar tilvísanir frá Facebook, þá eru notendur duglegir við að fletta síðunni áfram og skoða fleiri fréttir. Það gefur til kynna að það sé hagur í því að fá lesendur inn á vefmiðil með öllum tiltækum leiðum, það skili sér í hærri flettingatölum. Þeir sem koma á mbl.is af Facebook fletta einnig mun meira en þeir sem koma eftir öðrum leiðum.

Topplistarnir eru iðulega ólíkir í samanburði, en ekki hvað varðar hlutfall afþreyingarfrétta og hefðbundinna frétta. Það eru bara ekki endilega sömu fréttir sem rata inn á báða lista. Andlátsfréttir eru iðulega á listum yfir mest lesnu fréttir lesenda mbl.is sem koma eftir öðrum leiðum en Facebook inn á vefinn. Facebook notendur dreifa hins vegar ekki andlátsfréttum, eða að minnsta kosti sjaldan. Það er því munur á því hvað fólk les og hvað fólk svo kýs að dreifa á Facebook. Að mati rannsakanda er stærsti þátturinn í þeirri ákvörðun að deila frétt á Facebook sá félagslegi. Þær fréttir sem eru líklegastar til að vekja umræðu hjá vinunum og búa þannig til skemmtilega félagslega reynslu eru þær fréttir sem fólk vill dreifa.

Niðurstöðurnar úr könnun meðal háskólanema sýna að það borgar sig fyrir fjölmiðlana að hafa fjölbreytt efni í boði á heimasíðu sinni og mikilvægasti efnisflokkkurinn er afþreying. Þá er betra að hafa pistlahöfunda á sínum snærum því háskólanemar eru iðnir við að dreifa slíku efni og það ætti því að skila fjölmiðlinum fleiri flettingum.

Rannsóknin sýnir tvímælalaust að Facebook getur verið öflugt markaðstæki fyrir fjölmiðil. Mbl.is hefur fest sig í sessi sem vinsælasti vefmiðill Íslands og þarf ekki eins mikið á markaðssetningu á Facebook að halda eins og margir aðrir smærri miðlar, sem berjast um skerf af kökunni. Þess vegna gæti verið áhugavert að skoða minni miðla nánar og hvernig þeir markaðssetja fréttirnar sínar á Facebook.

Lokaorð

Samfélagsmiðlar verða áfram eitt það helsta sem fólk tekur sér fyrir hendur á netinu og fjölmiðlar koma enn til með að hafa sig alla við til að fanga athygli almennings. Til þess verða þeir að nýta sér alla þá tækni sem í boði er hverja stundina til þess að koma sér á framfæri. Annars er hætta á að þeir nái ekki fótfestu í fjölmiðlaumhverfi dagsins í dag.

Með því að fjölmiðlar tileinki sér Facebook og aðra samfélagsmiðla geta þeir skapað sér ráðandi stöðu á þeim boðskiptaleiðum og tækni sem eru ráðandi í samfélaginu og orðið leiðandi í fréttaumfjöllun og umræðu. Sennilegt er að þróunin hér á landi sé sú sama og tölur frá Bandaríkjunum sýna, að 44% Bandaríkjamanna fá fréttirnar sínar í gegnum netið, samfélagsmiðla, tölvupóst eða í símann sinn (Pew Research Center, 2010). Þessi tala gæti verið enn hærri á Íslandi, þar sem næstum því allir nota internetið og vefútgáfur fjölmiðla (Hagstofa Íslands, 2011b). Fjölmiðlar verða að bregðast skjótt við þessari þróun ef þeir ætla ekki að dragast aftur úr.

Þróunin virðist vera sú, eins og í öðrum löndum, að „infotainment“ fréttir tröllríði fjölmiðlum. En það stendur eftir sú spurning hverju sé um að kenna. Hefur almenningur einungis áhuga á afþreyingu, eða hefur blaðamönnum verið sniðinn svo þröngur stakkur að þeir hafa hreinlega ekki tíma til að framleiða annað en efni, sem auðvelt er að finna í erlendum fréttaveitum eða á netinu? Efnið er ódýrt í framleiðslu og hægt að setja mikið af því inn á vefinn á dag. Að vinna frétt um pólitík, fara og taka viðtöl við innlenda ráðamenn, gera langar fréttaskýringar, allt þetta tekur langan tíma og blaðamaðurinn afkastar ekki eins miklu. Rannsóknin bendir til þess að ritstjórnir fréttamiðla hljóti að standa frammi fyrir mjög erfiðum ákvörðunum þegar smellistraumurinn sýnir að aðsóknin er mest í efni sem er ódýrt í framleiðslu. Það getur vel verið að ritstjórn láti sér góðar aðsóknartölur nægja á vefnum þó svo að ekki sé alltaf dýrt kveðið í blaðamennskunni. Ritstjórar og blaðamenn verða hins vegar að gera upp við sig hvort sú þróun sé æskileg fyrir framþróun blaðamennsku og framtíð stéttarinnar yfir höfuð.

Hægt er að nálgast ritgerðina í heild sinni á www.skemman.is.

HEIMILDASKRÁ

Bilton, N. (2010, 12. september). A Tech World that Centers on the User. *The New York Times/International Herald Tribune*. Sótt 1. mars 2011 af: http://www.nytimes.com/2010/09/13/technology/13future.html?_r=1

Castells, M. (2001). *The Internet Galaxy: Reflections on the Internet, Business and Society*. New York: Oxford University Press.

Currah, A. (2009). *What's Happening to Our News*. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism.

Demers, D. (2005). *Dictionary of Mass Communication & Media Research: A Guide for Students, Scholars and Professionals*. Washington: Marquette Books.

Hagstofa Íslands. (2011a). *Rafræn samskipti einstaklinga 2003-2011*. Sótt 3.mars 2012 frá: http://hagstofan.is/?PageID=693&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SAM07401%26ti=Rafr%E6n+samskipti+einstaklinga+2003%2D2011%26path=../Database/ferdamal/UTymislegt/%26lang=3%26units=Hlutfall

Hagstofa Íslands. (2011b). *Notkun Íslendinga á rafrænni þjónustu 2003-2011*. Sótt 3.mars 2012 frá: http://hagstofan.is/?PageID=693&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SAM07402%26ti=Notkun+eintaklinga+%E1+rafr%E6nni+%FEj%F3nustu+2003%2D2011%26path=../Database/ferdamal/UTymislegt/%26lang=3%26units=Hlutfall

Marr, Andrew. (2004). *My Trade: A Short History of British Journalism*. London: Macmillan.

Mbl.is. (2011, 24. janúar). *Hekla fór að gjósa á Facebook*. Sótt 7. apríl 2011 af: http://www.visir.is/hekla-for-ad-gjosa-a-facebook/article/2011379514359

McLuhan, M. (1962). *The Gutenberg Galaxy: The Making of Typographic Man*. Toronto: University of Toronto Press.

McQuail, D. (2005). *McQuail's Mass Communication Theory* (5. útgáfa). London: Sage.

Newman, N. (2009). *The Rise of Social Media and its Impact on Mainstream Journalism*. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism, University of Oxford.

Pew Research Center. (2010). *Americans spending more time following the news*. (2010). Washington: The Pew Research Center.

Rainie, L. (2010). *How Media Consumption has Changed Since 2000*. Washington: Pew Internet and American Life Project.

Thussu, D.K. (2009) *News as Entertainment: The Rise of Global Infotainment*. 2. útgáfa. London: Sage Publications.

Þorbjörn Broddason. 2008. Hvað er frétt? *Vísindavefur Háskóla Íslands*. Sótt 3. mars af: http://visindavefur.is/svar.php?id=707

Grein þessi er unnin upp úr lokaverkefni höfundar við Háskóla Íslands.



MÁLFARSHORN

Sagnir/(ó)persónulegar

- Sumar sagnir eru persónulegar eða ópersónulegar eftir merkingu.
- Persónulegar sagnir beygjast með frumlaginu en ópersónulegar beygjast ekki, frumlagið er þá í aukafalli, þ.e. ekki í nefnifalli:
  - **Hann (nf.) bar** sorg sína í hljóði (persónul.)
  - **Þeir (nf.) báru** sorg sína í hljóði (persónul.)
  - **Hann (þf.) bar** á góma (ópersónul.)
  - **Þá (þf.) bar** á góma (ópersónul.)
  - **Ég (nf.) rak** lestina/**þeir (nf.) óku** lestina (persónul.)
  - **Mig (þf.) rak** út fjörðinn/**þá (þf.) rak** út fjörðinn (ópersónul.)

Tengingar

- Varast að nota „þannig að“ í stað „svo að“ eða „til þess að“
  - Siv vék úr stjórninni **til þess að** Sigríður kæmist að
  - Siv vék úr stjórninni **svo að** Sigríður …
  - *Siv vék úr stjórninni **þannig að** Sigríður …

(Ath. stjörnumerkta setningin er ótæk)

- Ekki segja „þegar að“ eitthvað gerist. Orðinu „að“ er hér ofaukið
  - *Ráðherrann svaraði fyrirspurnum þegar að fundinum var lokið
  - Ráðherrann svaraði fyrirspurnum þegar fundinum var lokið

(Ath. stjörnumerkta setningin er ótæk)

Fornöfn

- Fornafnið **hvor** er notað þegar tveir eiga í hlut.
- Fornafnið **hver** er notað um fleiri.
  - **Hvor** mannanna tveggja kom inn?
  - **Hver** mannanna þriggja kom inn?
  - **Hvor** Húnavatnssýslnanna er stærri?
  - **Hvert** Norðurlandanna er stærst?

- Hvor/hver stendur í sama kyni, tölu og falli og no. eða fn. sem það vísar til:
  - **Þeir** spurðu **hvor annan** spurninga
  - **Þær** systur söknuðu **hver annarrar**
  - Við heyrðum **þær** tala **hvora** við **aðra**
  - Við heyrðum **þá** tala **hvorn** við **annan**

- Fornafnið „sinn“ veldur stundum vanda:
  - Bræðurnir börðust sinn í hvorum her
  - Bræðurnir börðust hvor í sínum her
  - *Bræðurnir börðust í sitthvorum hernum
  - Þær stóðu sín hvorum megin götunnar
  - Þær stóðu hvor sínum megin götunnar
  - *Þær stóðu sitthvorum megin götunnar

(Ath. stjörnumerktu setningarnar eru ótækar)

Bundnir við borðið

Vinnuaðstæður og vinnubrögð blaða- og fréttamanna á Íslandi



Eftir Svanbjörgu H. Einarsdóttur

Umræða um fjölmiðla og gagnrýni á þá er alls ekki sérislenskt fyrirbæri og heldur ekki krísa efnahagshrunsins. Vandi fjölmiðla er flókinn og fjölþjóðlegur. Mikið hefur verið skrifað og talað um fjölmiðla og aðstæður blaða- og fréttamanna víða um heim og margar lærðar bækur og greinar hafa verið skrifaðar um málið.

Erlendar rannsóknir sýna að blaða- og fréttamenn fara lítið út af vinnustað sínum, flest viðtöl sem þeir taka eru símaviðtöl og algengast er að fréttir eigi rætur í gróðurmold fréttatilkynninga, almannatengla, upplýsingafulltrúa og hagsmunaaðila. Þar sem blaða- og fréttamenn fari lítið úr húsi gefist lítið færi til fréttaöflunar, að hitta og kynnast fólki og rækta sambönd við heimildarmenn.

Hér verður sagt frá rannsókn sem var gerð á Íslandi seint á árinu 2010 og er reifuð ítarlega í MA-ritgerð í blaða- og fréttamennsku við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hér verður aðeins lauslega tæpt á örfáum niðurstöðum. Rannsóknin byggist á dagbók sem fimmtán blaða- og fréttamenn af ólíkum tegundum fjölmiðla héldu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort staðan hér á landi væri svipuð og rannsóknir erlendis hafa sýnt fram á.

Tímaþjófur eða fjölbreytni

Breytingarnar á fjölmiðlamarkaði voru miklar og áttu sér stað á skömmum tíma. Markaðs- og viðskiptavæðingu fylgdu nýjar áherslur, krafan um skemmtanagildi frétta jókst, áhrif auglýsenda urðu ljósari og samþjöppun eignarhalds hefur víða átt sér stað. Einnig hafa tækninýjungar verið örar og áhrifamiklar. Allt hefur þetta gríðarmikil áhrif á störf blaða- og fréttamanna. Með markaðsvæðingunni jókst krafa um hagræðingu og hagnað og hafði bein áhrif á störf blaða- og fréttamanna. Krafist var meiri og hraðari framleiðslu, fjölmiðlar stækkuðu og umfjöllun og fréttir í takt við það en að sama skapi var starfsmönnum ekki endilega fjölgað. Veffjölmiðlar bættust í fjölmiðlaflóruna og urðu öflugri og mikilvægari dag frá degi. Hlutfall ungra og óreyndra blaðamanna á lágum launum hefur aukist og þeim jafnvel falið að fást við erfið mál sem þeir hafa hvorki reynslu né skráp til að kljást við.[1] Á sama tíma hefur rannsóknarblaðamennska dalað, þykir mörgum sem álag hafi aukist úr hófi og aðstæður breyst mikið; sumt til hins betra en margt til hins verra. Vissulega segja ýmsir þetta vera gömlu klisjuna um að heimur versnandi fari og halda því jafnvel fram að blaða- og fréttamennskan sé orðin fjölbreyttari, opnari og öflugri með þessum breytingum. Frétta- og blaðamenn þurfi að ná tökum á margvíslegri tækni og aðferðum og séu stundum allt í senn tökumenn, klipparar, grafískir hönnuðir o.fl. Því sé orðið „media worker“ betur við hæfi en blaða- og fréttamaður.[2] Þetta kann ýmsum að þykja jákvætt fyrir blaða- og fréttamenn því starfið sé fyrir vikið margbreytilegra og skemmtilegra. Aðrir sjá þetta hins vegar sem íþyngjandi tímaþjóf sem hljóti að koma niður á gagnrýninni fréttamennsku.

Hlutverk og styrkur fjölmiðla

Í eyrum margra hljómar það eins og hver önnur klisja að tala um fjölmiðlana sem fjórða valdið og varðhunda almennings og lýðræðis. Ef til vill hljómar það jarðbundnara og minna klisjukennt að benda á að vel upplýstir samfélagsþegnar eru líklegri til að hegða sér skynsamlegar og markvissar en þeir sem eru óupplýstir eða fáfróðir. Til að lýðræði virki er borgurunum nauðsyn á sem bestum og ítarlegustum upplýsingum um samfélagið til að geta tekið upplýstar ákvarðanir. Samfélög eru gjarnan metin út frá fjölmiðlum sem starfræktir eru í landinu. Meðal kúgaðra þjóða er rit- og málfrelsi oft og iðulega skert og fjölmiðlar ekki frjálsir.[3] Kohring og Matthes komast svo að orði: „It is only the information from the news media that enables the

1 Preston, 2009, Davies, 2008
2 Witschge, Nygren, 2009
3 Horsbøl og Harboe, 2004: 56

members of the audience to act in a modern society."[4] Þýski félags- og lögfræðingurinn Niklas Luhmann tekur enn dýpra í árinni þegar hann segir að allt sem við vitum um samfélag okkar, jafnvel um allan heiminn sem við búum í, vitum við í gegnum fjölmiðlana.[5] McQuail bendir á að þar að auki séu fjölmiðlar mikilvægir því þeir veiti fólki umræðuefni og slúður sem nærir og smyr félagsleg samskipti. Einnig séu fréttir okkur nauðsynlegar til að skilgreina hvað sé eðlileg samþykkt hegðun og „norm" í samfélaginu.[6] Þá eru orð Jóns Ólafssonar, sem hann ritaði í Skuld vorið 1878, þá nýlega kominn frá Ameríku, lýsandi fyrir hug margra til fjölmiðlanna: „Þetta er blaðanna háleita köllun að vera sannleikans hrópandi rödd."[7]

Þrátt fyrir hástemmd orð um mikilvægi fjölmiðla hefur vald þeirra aldrei verið formlega skilgreint. Fjölmiðlarnir gegna aðhalds-, upplýsinga- og umræðuhlutverki fyrir utan að sinna menningar- og fræðsluhlutverki að ógleymdu skemmtana- og afþreyingarhlutverkinu. Þeir eiga að leitast við að veita valdhöfum s.s. stjórnvöldum og viðskiptalífi aðhald, veita áreiðanlegar upplýsingar og greiningu á þeim málum sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni. Þá eiga fjölmiðlar að vera vettvangur umræðu og túlkunar frá sem fjölbreyttustu sjónarhorni. Því hníga flest rök að því að vald fjölmiðla sé raunverulegt í klassískum félagsfræðilegum skilningi og í því ljósi beri að meta áhrif þeirra og stöðu.[8]

Á þessum grunni er sú gagnrýni byggð sem komið hefur fram á íslenska fjölmiðla í kjölfar bankahrunsins. Ýmislegt bendir til að margt í þeirri gagnrýni eigi rétt á sér eins og glöggt kemur fram í Viðauka I með skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Þar segir að stór hluti umfjöllunar um fjármálalíf og fjármálafyrirtæki virðist runninn undan rifjum fyrirtækjanna sjálfra. Færa megi rök fyrir því að fjölmiðlar hafi rammað inn umræðu um fjármálalíf á forsendum fyrirtækja og fjárfesta fremur en almennings.[9] Eðlilegt er að spyrja hvað hafi brugðist. Er það samþjöppun á eignarhaldi, viðskipta- og markaðsvæðingar, harðnandi samkeppni, nýrrar tækni, breytts eðlis fjölmiðla eða almennrar forheimskunar? Er sannleikans hrópandi rödd orðin að hásu hvísli eða alveg þögnuð? Er ef til vill eitthvað í vinnuumhverfi og við vinnuaðstæður blaða- og fréttamanna sem hefur leitt til slælegra vinnubragða og getuleysis?

Framkvæmd rannsóknarinnar

Rannsóknin byggist á dagbókum sem fimmtán blaða- og fréttamenn af ólíkum fjölmiðlum héldu. Þátttakendur voru beðnir að skrá meðal annars fjölda frétta sem unnið var að og hvaðan fréttaefnið bærist, fjölda viðtala í eigin persónu, fjölda símaviðtala og fjölda viðburða eða blaðamannafunda utan vinnustaðar. Þá voru þeir beðnir að skrá tímann sem þetta tæki og líka þann tíma sem færi í skriftir, vangaveltur, fundi, spjall og matar- og kaffitíma. Þátttakendur voru að auki beðnir um stutta lýsingu á deginum. Sambærileg rannsókn hefur ekki verið gerð hér á landi. Upphafleg fyrirmynd að rannsókninni kom úr bók breska blaðamannsins Nick Davies, *Flat Earth News*. Í fyrstu var hugmyndin sú að gera líkt og Davies, að fá örfáa blaðamenn, jafnvel bara tvo eða þrjá, til að halda dagbók í nokkra daga. Niðurstaðan varð hins vegar sú að stækka dagbókarhluta rannsóknarinnar og biðja nokkurn fjölda blaða- og fréttamanna að halda dagbók í fimm daga. Með það í huga að blaða- og fréttamenn vinna iðulega undir mikilli tímapressu var dagbókin sett upp á einfaldan hátt í excelskjali og fólst aðallega í skráningu á fjöldi og tímamælingu. Þessi aðferðafræði var að hluta fengin að „láni" hjá bandaríkjamanninum Robert G. Picard sem hefur notað aðferðina við að aðstoða stjórnendur fjölmiðla að mæla og skoða afköst starfsmanna sinna.[10] Hér var aðferðafræðin löguð að ólíku markmiði rannsóknarinnar. Úrvinnslan var því að stórum hluta byggð á tölulegum, eða svokölluðum megindlegum mælingum, en einnig var þátttakendum boðið að skrifa athugasemdir, lýsingu á degi, gagnrýni eða annað sem þeir vildu tjá sig um á þessum vettvangi. Margar spurningar sem ekki var hægt að setja fram í dagbók höfðu vaknað og því varð að ráði að leggja einnig spurningalisti fyrir þátttakendur. Hér verður spurningalistinn ekki reifaður nánar.

Hringt var í 32 og blaða- og fréttamenn og biðlað til þeirra um að taka þátt í rannsókninni. Að lokum gáfu 23 blaða- og fréttamenn vilyrði fyrir þátttöku. Fimmtán blaða- og fréttamenn sendu bæði svör við spurningum og fylltu út dagbók.

Dagbækurnar voru misnákvæmlega fylltar út og var tekið tillit til þess við úrvinnsluna. Samtals skráðu þessir 15 blaða- og fréttamenn 70 dagbókardaga sem verður að teljast umtalsvert. Flestir skráðir vinnudagar voru á vefmiðli eða 32 og einir 19 á blaði. Heimtur dagbókarskráninga frá sjónvarpsfréttamönnum/ljósvakafréttamönnum voru umtalsvert lakari en frá fréttamönnum á vefjum og blöðum.

Aldur, kyn og starfsaldur

Meðalaldur blaða- og fréttamannanna sem tóku þátt var 37 ár, sá yngsti var 25 ára og sá elsti 62 ára. Athygli vakti að þeir þátttakendur sem starfa eingöngu á vefmiðlum eru allir karlmenn og meðalaldur þeirra 29 ár. Aldursbil og kyn er dreifðara á öðrum tegundum miðla.

Tafla 1. Meðaltal, lág-, há- og miðgildi aldurs og starfsreynslu þátttakenda í rannsókninni

	Aldur	Starfsreynsla
Lággildi	25	2,5
Hágildi	62	27
Meðaltal	37	9
Miðgildi	32	6

4 Kohring & Matthes, 2007: 239
5 Luhmann, 2002
6 McQuail, 1994:1
7 Guðjón Friðriksson, 2000.
8 Þorbjörn Broddason, 2005 og Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis. Viðauki I, 2009
9 Rannsóknarnefnd Alþingis. Viðauki 1, 2009
10 Picard,1998

Í rannsókninni tóku þátt tíu karlar og sex konur. Kynjaskiptingin, þ.e. tíu karlar á móti sex konum, er í takt við fjölda karla og kvenna á fréttamiðlunum. Þessi skipting mæld í prósentum er 37,5 prósent konur á móti 62,5 prósentum karla. Þetta er alveg í takt við niðurstöður sem fram koma í íslenskum hluta rannsóknar GMMP (Global Media Monitoring Project) frá árinu 2009.[11]

Dagur í lífi blaða- og fréttamanns

Þátttakendurnir fimmtán skráðu alls sjötíu vinnudaga í dagbókina. Meðallengd vinnudagsins var tæpar níu klukkustundir. Lengd vinnudags er þó nokkuð mismunandi eftir tegund fjölmiðils en yfir heildina vinna blaða- og fréttamenn ríflega níu klukkustundir á dag. Vinnudagur blaða- og fréttamanns er sjaldan klipptur og skorinn og er þessi dagbókarfærsla blaðamanns lýsandi fyrir það.


„Var að pakka saman þegar ákveðið var að fréttin mín færi á forsíðu – það þýddi aukna vinnu (búa til útdrátt á forsíðu og ýmiss konar layout-dæmi …) komst því ekki heim úr vinnu fyrr en seint og síðarmeir."

Tafla 2. Lengd vinnudags blaða- og fréttamanna á öllum tegundum fjölmiðla

Lengd vinnudags				
Lággildi	Hágildi	Meðaltal	Miðgildi	Tíðasta gildi
07:00	12:15	08:56	08:33	08:00

Kakan hér að neðan (mynd 1) gefur einfalda mynd af „meðaltalsdegi" í lífi blaða- og fréttamanns í mínútum. Nánar er rýnt í tölurnar á bak við hverja sneið í töflum og texta sem á eftir kemur.

Mynd 1. Vinnudagur meðaltal mælt í mínútum – allar gerðir fjölmiðla



Leitað var eftir margvíslegum upplýsingum m.a. um tíma sem fer í fundi/viðburði utan vinnustaðar, viðtöl, annars vegar við fólk í eigin persónu og hins vegar í síma. Þá er spurt um tíma sem fer í mat, kaffi, fréttafundi, að skoða fjölmiðla og póst og spjall við vinnufélaga þar sem þetta er hluti af vinnudeginum og starfinu. Mælingar gilda á matartíma eru afar svipaðar, þ.e. tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal er allt svipað eða rétt um hálf klukkustund í matartíma. Ekki virðast blaða- og fréttamenn fara úr húsi til að hitta mann og annan í matarhléi. Kaffihlé eru ekki ýkja löng. Flestir taka fram að þeir standi upp við og við og hlaupi að kaffivélinni og setjist við vinnu með kaffið. Almennt virðast blaða- og fréttamenn ekki taka sér kaffihlé í „gamaldags" skilningi orðsins, þ.e. að setjast niður með kökusneið og kaffibolla ásamt samstarfsmönnum. Þá virðast þeir heldur ekki eyða miklum tíma í spjall og rökræður við vinnufélaga en meðaltalið nær þó 17 mínútum.

Í flokknum „skrif, lagfæring, undirbúningur" er vísað til annarrar upplýsingaöflunar en viðtala, t.d. lesturs á skýrslum og öðrum gögnum. Með lagfæringum er átt við það að lesa yfir og lagfæra, stytta og lengja, velja myndir og skera þær til, jafnvel er hér vísað til þess þegar tölvur og forrit hegða sér ekki eins og ætlast er til. Þessum flokki var skipt í þrennt í dagbókinni en blaða- og fréttamennirnir virtust skilja þessa flokka á ólíkan hátt og sumir slepptu því alveg að fylla þennan lið út. Þess vegna var ákveðið að steypa niðurstöðunum í eitt þar sem niðurstöður skráninga gáfu ekki tilefni til að rýna í hvern flokk fyrir sig.

Í töflu 3 er skráður heildarfjöldi frétta, viðtala og blaðamannafunda blaða- og fréttamannanna fimmtán þessa sjötíu dagbókardaga. Einnig mínútur sem fara í þessa hluti í heild.

Tafla 3. Heildartími sem fer í blaðamannafundi, viðtöl og að skoða fjölmiðla yfir sjötíu daga. Einnig heildarfjöldi viðtala, funda og frétta

Tími til að skoða fjölmiðla mín.	Blaðam.-fundir/ viðburðir utan vinnust. mínútur	Blaðam.-fundir/ við-burðir fjöldi	Tími í mín. – viðtöl í eigin pers.	Pers. viðtöl fjöldi fólks	Síma-viðtöl mín.	Síma-viðtöl fjöldi fólks	Fjöldi frétta
1.080	1.740	16	320	20	1.879	300	724

Í töflu 4 er skoðað lággildi, hágildi, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi á fjölda frétta, viðtala og funda utan húss.

Tafla 4. Fjöldi frétta, viðtala og viðburða utan vinnustaðar í heild á öllum tegundum fjölmiðla. Öll 0-gildi eru meðtalin

	Skrifaðar fréttir á dag	Fjöldi við-tala í eigin pers. á dag	Fjöldi síma-viðtala á dag	Blaða-manna-fundir fjöldi á dag
Lággildi	1	0	0	0
Hágildi	30	5	46	3
Meðaltal	10,3	0,3	4,3	0,2
Miðgildi	9	0	2,5	0
Tíðasta gildi	18	0	0	0

11 Eygló Árnadóttir, Valgerður A. Jóhannsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, 2010: 4

Mjög margar fréttir og afar fá viðtöl

Á þeim sjötíu vinnudögum sem skráðir voru unnu blaða- og fréttamennirnir við 724 fréttir samtals. Að meðaltali skrifar því hver blaða- og fréttamaður ríflega tíu fréttir á dag (10,3). Á þessum sjötíu skráðu dagbókardögum sóttu blaðamennirnir sextán blaðamannafundi eða annan viðburð utan vinnustaðar, t.d. málþing og/eða ráðstefnu. Þessir viðburðir stóðu samtals yfir í 1.740 mínútur eða um 29 klukkustundir. Hver viðburður stendur þá yfir að meðaltali í 109 mínútur. Hins vegar er meðaltalstíminn sem fer í þátttöku á blaðamannafundi 25 mínútur sbr. töflu 4. Taka verður fram að í heila tvo daga sat einn þátttakandi í um sex klukkustundir, samtals tólf klukkustundir, á ársþingi og skrifaði fréttir þaðan, annan daginn eingöngu fyrir vef en seinni daginn fyrir dagblað. Annar þátttakandi sótti ráðstefnu sem stóð yfir í tvo og hálfan tíma. Þannig að um helmingur þess tíma sem blaða- og fréttamennirnir eyddu á viðburði utan vinnustaðar skrifast að mestu á viðveru eins einstaklings á einum ákveðnum viðburði.

Þessar tölur verður vitaskuld að taka með fyrirvara. Meðaltalsfjöldi frétta segir okkur ekki sannleikann um neinn einn miðil þar sem veffréttamenn skrifa alla jafna fleiri fréttir en fréttamenn á sjónvarpi og dagblaði. Enda þarf að huga að mörgu í sjónvarpi; t.d. myndefni með fréttinni. Fréttir í dagblöðum eru yfirleitt ítarlegri en veffréttir enda skrifa veffréttamenn flestar fréttir að meðaltali 13 fréttir á dag, mest 30 fréttir. Blaðamenn á dagblöðum skrifa að meðaltali 5,5 fréttir á dag, mest 10 fréttir. Blaða- og fréttamenn á ljósvakamiðlum skrifa að meðaltali 9 fréttir á dag en þess ber að geta að oft er fréttamaðurinn að gera sömu fréttina í nokkrum útgáfum fyrir mismunandi miðla, þ.e. fyrir sjónvarp, útvarp og vef.

Athygli vekur hve fá viðtöl í eigin persónu eru. Á dögunum sjötíu voru bara skráð tuttugu viðtöl við fólk augliti til auglitis sem stóðu yfir í 320 mínútur. Það samsvarar því að hvert viðtal hafi að meðaltali tekið sextán mínútur. Samtals voru tekin 300 símaviðtöl og stóðu þau yfir í 1.879 mínútur. Þetta samsvarar því að hver blaðamaður hafi tekið rúmlega fjögur símaviðtöl á dag (4,3) og hvert viðtal staðið yfir í ríflega sex mínútur. Þess ber að geta að í hópnum eru nokkrir blaða- og fréttamenn sem sinntu einvörðungu erlendum fréttum á tímabilinu. Þeir tóku aldrei persónuleg viðtöl við fólk og örfá símaviðtöl. Veffréttamenn taka líka sárasjaldan viðtöl við fólk í eigin persónu og fara lítið úr húsi. Á 32 dagbókardögum talar veffréttamaður augliti til auglitis við viðmælanda tvisvar sinnum. Á dagblöðunum ræða blaðamennirnir eingöngu við fjóra í eigin persónu á nítján dögum. Á fimmtán dögum sem fréttamenn ljósavakamiðla skrá er talað við tólf manns augliti til auglitis. Í öllum tilfellum var það vegna sjónvarpsfrétta nema einu sinni fyrir útvarp. Blaða- og fréttmennirnir 15 töluðu við þrjú hundruð viðmælendur í síma á þessum sjötíu dögum.

Margar fréttir = lélegar fréttir?


Hvernig sem á niðurstöður rannsóknarinnar er litið virðast íslenskir blaða- og fréttamenn vera fram úr hófi ötulir og það vekur spurninguna um það hve mikil vinna liggi að baki hverri frétt. Til samanburðar um fjölda frétta má nefna að í sænskri rannsókn fræðimannanna Withschge og Nygren, kemur fram að blaðamenn á sænskum fréttablöðum skrifi að meðaltali tvær til þrjár fréttir á dag og fréttamenn á vefmiðlum fimm til tíu fréttir á dag. Withschge og Nygren segja í þessu samhengi að sænskir blaða- og fréttamenn virðist leggja mikið á sig í vinnu og fyrir utan að skrifa margar fréttir vinni þeir flestir yfirvinnu a.m.k. einu sinni í viku og sumir tvisvar til þrisvar í viku.[12]

Nick Davies segir blákalt í bók sinni *Flat Earth News* að blaðamaður sem skrifi nálægt tíu fréttum á vakt geti varla skilað af sér góðri vinnu. Davies bætir við að fráleitt sé að fréttamaður sem eyði um 95 prósentum af tíma sínum við skrifboðið geti ræktað góða heimildamenn og verið sérlega góður fréttamaður. Hann tekur dæmi af blaðamanni sem hélt fyrir hann einfalda dagbók og skrifaði á einni viku 48 fréttir, fór af vinnustað í fréttaöflun í þrjár klukkustundir og hitti fjórum sinnum viðmælanda í eigin persónu. Davies fullyrðir að ekki sé mögulegt að fréttamaður sem tali persónulega við svo fáa við undirbúning svo margra frétta geti sannreynt sannleiksgildi þeirra eða skoðað nokkra frétt af nokkurri dýpt. Hvað má þá segja um íslenska blaðamenn sem á dagblaði skrifa 5,5 fréttir að meðaltali og veffréttamenn 13 til 30 fréttir á dag og virðast sjaldan losa borðfjötrana?

Frumkvæðislausir við fréttaöflun

Þátttakendur voru beðnir að skrá uppsprettu frétta og voru niðurstöðurnar mjög áhugaverðar. 73 prósent frétta eiga rætur að rekja til þriggja flokka; erlendra fréttaveitna/annarra fjölmiðla, frétttilkynninga og frétta-/vaktstjóra.

Mynd. 2. Uppspretta allra skráðra frétta á öllum fjölmiðlum í prósentum



Samkvæmt dagbókarfærslunum er frumkvæði fréttamannanna sjálfra hvað varðar fréttaöflun lítið. Þetta er í takt við rannsókn blaða- og fréttamennskudeildarinnar í Cardiff-háskóla í Bretlandi. Samkvæmt niðurstöðum hennar „framleiða“ blaðamenn nú um þriðjungi meira efni en fyrir tuttugu árum og um 70 prósent allra frétta byggjast á fréttatil-

12 Witschge og Nygren, 2009

kynningum, almannatenglum eða forunnu efni frá stóru fréttaveitunum. Einvörðungu tólf prósent efnis sem birtist í fjölmiðlum eru hreinræktuð afurð blaða- og fréttamanna sem þar störfuðu.[13]

Of þreyttir til að glefsa

Þessi rannsókn sem hér er til umfjöllunar segir ekki, samkvæmt ströngustu túlkun, neitt um gæði fréttamennsku á Íslandi. Það er í sjálfu sér heldur ekki hægt að fullyrða út frá henni að íslenskir blaða- og fréttamenn skrifi fleiri fréttir en áður eða að tími til vandaðra vinnubragða sé minni en fyrr þar sem ekki eru til samanburðarrannsóknir hérlendis. Hins vegar má fullyrða út frá niðurstöðum hennar að íslenskir blaða- og fréttamenn framleiða og skrifa mjög margar fréttir og hitta afar fá heimildamenn og viðmælendur. Raunar eru niðurstöðurnar svo sláandi að þær hljóta að vekja upp efasemdir um gæði frétta á íslenskum fjölmiðlum. Ef krafan er sú að blaða- og fréttamenn eigi að vera ein af grunnstoðum lýðræðis þarf að bæta aðbúnað þeirra verulega.

„Sannleikans hrópandi rödd“ og „fjórða valdið“ hljómar á stundum dálítið eins og kaldhæðnislegt öfugmæli. Það þarf að ræða hvert hlutverk fjölmiðla er eða á að vera og í því samhengi hverjar skyldur og hlutverk blaða- og fréttamanna eru. Hvað felst í því að skyldur blaðamanna séu fyrst og fremst við borgarana? Hvað ef borgararnir vilja helst lesa slúður og skemmtiefni? Hverjar eru skyldur fjölmiðlaeigenda? Hver er ávinningurinn af því að eiga fjölmiðil á Íslandi? Samkvæmt þeirra eigin fréttum virðast þeir ætíð reknir með miklum harmkvælum og halla. Er virkilega ekki hægt að reka fjölmiðil með viðunandi hagnaði án þess að þar vinni örfáir blaða- og fréttamenn sem fara sjaldan úr húsi, og skrifa margar og líklega heldur grunnar fréttir, byggðar á fáum heimildum, oft á fréttatilkynningunum? Ef svarið er að þetta sé eina leiðin til að reka megi fjölmiðil verður líklega viðhorfið til blaða- og fréttamennsku að breytast. Ef niðurstaðan er hinsvegar sú að þetta séu óviðunandi vinnubrögð þá þarf væntanlega að leita nýrra leiða við reksturinn.

Stjórnmálamenn, almenningur og blaða- og fréttamennirnir sjálfir virðast almennt telja að fjölmiðlar hafi miklum skyldum að gegna gagnvart almenningi. Margir virðast líka sammála því að fjölmiðlar hér uppfylli ekki kröfurnar. Að minnsta kosti benda kannanir MMR ótvírætt til þess en í maí 2010 segjast aðeins 15,4 prósent bera traust til fjölmiðla og 47 prósent lítið eða mjög lítið traust til fjölmiðla.[14] Þetta ætti að vera áhyggjuefni fyrir eigendur fjölmiðla en kannski skiptir traustið ekki öllu máli þegar kemur að rekstrarafkomunni?

Hugmyndir hafa komið fram um að stjórnvöld þurfi að grípa inn í, kannski með styrkjum til fjölmiðla ef staðreyndin er sú að illmögulegt sé að reka fjölmiðil sem ástundi vönduð vinnubrögð. En það þarf einnig að ræða um hvað séu vönduð vinnubrögð. Ef til vill eru viðtöl augliti til auglitis úrelt vinnubrögð. Kannski er hugmyndin um að „fagleg blaða- og fréttamennska sé undirstaða lýðræðislegs þjóðfélags“[15] og fjölmiðla eins og við þekkjum þá að renna sitt skeið á enda og nýjar leiðir að taka við.

En það er einnig íhugunarefni að það er ekki endilega hagur stjórnvalda, stórfyrirtækja og annarra valdhafa að það vaxi stöðugt nýjar og hvassar tennur í varðhunda almennings. Í stað þess að draga úr þeim tennurnar er einfalt ráð að þreyta varðhundinn nógu mikið til að hann hætti að glefsa.

Heimildir

Davies, Nick. (2009). Flat Earth News. London: Vintage – Random House.

Eygló Árnadóttir, Valgerður A. Jóhannsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir.(2010) Konur og karlar í fjölmiðlum: Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstj.) Þjóðarspegillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI. (bls.35-45). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands:

Guðjón Friðriksson. (2000). Nýjustu fréttir; Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga. Reykjavík: Iðunn.

Horsbøl, Gitte og Harboe, Jette Meldgaard. (2004). Den Iscensatte virkelige – Fra nyheder til reality. Århus: Systime.

Kohring, M., & Matthes, J. (2007). Trust in news media: Development and validation of a multidimensional scale. Communication Research. 24: 231–252.

Luhmann, Niklas (2002). Massemediernes realitet. (Nils Mortensen þýddi yfir á dönsku). København: Hans Reitzels Forlag A/S. (Upphaflega gefin út í Þýskalandi 1996).

McQuail, Denis. (1994) (3. útgáfa) Mass Communication Theory. An Introduction. London; Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.

Menntamálaráðuneyti. Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. (2005). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Picard, Robert G. (1998). Measuring and interpreting productivity of journalists. Newspaper Research Journal, Vol. 19, no. 4. bls. 71-84.

Preston, Paschal. (2009). Making the news – Journalism and news cultures in Europe. London: Routledge.

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010) Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis. Viðauki I. Umfjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki 2006-2008. Háskóli Íslands, Rannsóknarsetur um fjölmiðlun og boðskipti. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

Traust á fjölmiðlum minnkar enn. Frétt frá 18. maí 2010. Vefur Blaðamannafélags Íslands www.press.is. Sótt 29. júl 2010 á http://press.is/news/traust_a_fjolmidlum_minnkar_enn/

Witschge, Tamara og Nygren, Gunnar. (2009). Journalism: A Profession Under Pressure? Journal of Media Business Studies 6(1): bls. 37-59

Þorbjörn Broddason. (2005). Ritlist, prentlist, nýmiðlar. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

13 Davies, 2008: 74

14 Frétt á vef Blaðamannafélagsins

15 Skýrsla nefndar menntamálaráðherra, 2005:17

Grein þessi er unnin upp úr lokaverkefni höfundar við Háskóla Íslands.

Heiðursmerki með sögu



Eftir Björn Vigni Sigurpálsson

Blaðamannafélag Íslands hefur um árabil veitt félögum sínum sem starfað hafa við blaðamennsku í fjóra áratugi eða lengur sérstakt heiðursmerki úr silfri. Merkið er nokkuð sérstakt en uppruni þess hefur þó löngum verið nokkuð á reiki.

Heiðursmerki þetta er hannað af Leifi Kaldal, einum fremsta gullsmið landsins framan af síðustu öld. Þorbjörn Guðmundsson, fyrrverandi ritstjórnarfulltrúi á Morgunblaðinu og handhafi blaðamannaskírteinis nr. 1 um þessar mundir, skrifaði Blaðamannafélaginu svohljóðandi bréf hinn 30. mars 1982:

„Svavar Hjaltested bað mig um að koma meðfylgjandi móti til Blaðamannafélags Íslands, þar sem hann telur eðlilegast að það sé í vörslu félagsins. Svavari var kunnugt um tilveru þessa móts og gerði gangskör að því að hafa upp á því.

Mótið er af barmmerki, sem gert var í tilefni af fyrsta norræna blaðamannamótinu, sem haldið var hér á landi (sumarið 1932 heldur Svavar).

Leifur Kaldal teiknaði merkið og gerði mótið, en merkið var síðan slegið í silfur.

Allir, sem sóttu umrætt mót, fengu merkið, en síðan var hugmyndin að það yrði notað til að heiðra þá menn, sem félagið vildi sýna virðingarvott, og þá einnig útbúið gullmerki, ef ástæða þætti til. Aldrei varð þó úr að merkið þjónaði þeim tilgangi," segir í bréfinu.

Í minningarkveðju frá Blaðamannafélagi Íslands 23. maí 1996 um Þórarin Þórarinnsson, fyrrverandi ritstjóra Tímans, er vikið að þætti hans í endurreisn Blaðamannafélagsins 1934 eftir að það hafði legið í dvala um nokkurt skeið. Síðan segir: „Með honum í því að endurvekja félagið voru helstu blaðamenn landsins á þeim tíma, þeir Árni Óla, Jón Kjartansson og Þórunn Hafstein, öll á Morgunblaðinu, **Svavar Hjaltested** á Fálkanum, Axel Thorsteinsson á Vísi og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson á Alþýðublaðinu."

Það er hins vegar örugglega misminni hjá Svavari Hjaltested að hér hafi verið haldið norrænt blaðamannamót snemma á fjórða áratugnum og reyndar eru engar heimildir um fund norrænu blaðamannafélaganna hér á landi fyrr en á sjötta áratugnum eða í júlí 1953. Hér hlýtur því að vera átt við heimsókn hóps danskra blaðamanna um miðjan ágúst 1939.

Svo virðist sem starfsemi Blaðamannafélags hafi sofnað á nýjan leik strax eftir haustið 1934 og í fundargerðabók félagsins er ekki á ný fært til bókar um líf í félaginu fyrr en í nóvember 1937. Þá hafði ári áður gengið í félagið Pétur Ólafsson, sonur Ólafs Björnssonar, annars stofnanda Morgunblaðsins, og samkvæmt fundargerð hefur hann haft frumkvæði að því að stofna eða endurreisa Blaðamannafélag Íslands. Kosin var nefnd til að semja lög félagsins og völdust þeir Pétur, Vilhjálmur S. Vilhjálmsson og Þórarinn Þórarinsson í hana. Seinna í þessum sama mánuði, nóvember 1937, er efnt til félagsfundar þar sem uppkast að nýjum lögum er lagt fram og ný stjórn kjörin, þar sem Pétur Ólafsson er kosinn formaður.

Aðrir sem komu til þessa fundar voru Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, Svavar Hjaltested, Valtýr Stefánsson, Jón Kjartansson, Páll Steingrímsson, Finnbogi Rútur Valdimarsson, Skúli Skúlason, Einar Olgeirsson, Haraldur Sigurðsson, Jón Helgason, Ívar Guðmundsson, Karl Ísfeld, Stefán Pétursson, Þórunn Hafstein, Axel Thorsteinsson, Hermundsson og Sigursteinn Pálsson, Gísli Guðurður Guðmundsson.

Ekki virðist hafa verið mikið um formleg fundarhöld í félaginu í framhaldinu því að í fundargerðabókinni eru aðeins skráðir tveir fundir, í janúar og mars 1938. Hins vegar er ljóst að helsta viðfangsefni félagsins á þessum tíma er forganga félagsins um að bjóða hingað til lands um tug danskra blaðamanna frá nokkrum helstu blöðum þar í landi á þessum tíma. Félagið hafði tryggt sér fjárframlög frá Alþingi, Reykjavíkurbæ og nokkrum helstu fyrirtækjum landsins og gat tekið á móti gestum sínum af miklum rausnarskap.

Gestirnir komu til landsins með Dronning Alexandrine frá Kaupmannahöfn 13. ágúst og var farið með þá víða um land – norður til Akureyrar, Siglufjarðar og allt til Mývatns en farið suður um Kaldadal, til Þingvalla og til Gullfoss og

Geysis. Létu Danirnir svo vel af ferðinni að í þakkarræðu í kvöldveislu í Þrastarlundi sagði einn þeirra að Íslendingar hefðu fram til þessa átt einn sendiherra í Kaupmannahöfn en ættu nú tíu, að því haft er eftir Pétri Ólafssyni, formanni félagsins í þessum tíma. Það fór þó öðru vísi en til stóð því að um það leyti sem gestirnir voru á heimleið með Lyru skall á heimsstyrjöldin síðari og sambandið milli Íslands og Danmerkur rofnaði að mestu leyti í nokkur ár.

Í Blaðamanninum, félagstíðindum Blaðamannafélags Ísland, í nóvember 1987 á 90 ára afmæli félagsins segir í frásögn um heimsókn dönsku blaðamannanna: „Skipuð var sérstök móttökunefnd, **teiknað merki í tilefni heimsóknarinnar**, og prentuð dagskrá með silfurletri á forsíðu.“ Þarna er því væntanlega komið barmmerkið góða sem átti eftir að verða heiðursmerki Blaðamannafélags Íslands. Fram að því hafði félagið hins vegar gert fjóra félaga að heiðursfélögum sínum, þá Árna Óla, Skúla Skúlason, Valtý Stefánsson og Axel Thorsteinsson.

Ekki fer miklum sögum af merkinu fyrr en fyrrnefnt mót kemur í leitirnar. Á stjórnarfundi 20. september 1982 er fært til bókar að samþykkt sé að efna til afmælisfagnaðar 6. nóvember 1982 og heiðurmerki skuli steypt og afhent Þórarni Þórarinssyni og Þorbirni Guðmundssyni í afmælishófinu. Þórarinn og Þorbjörn voru ekki aðeins handhafar blaðamannaskírteina nr. 1 og 2 á þessum tíma með langan starfsaldur að baki heldur hvor á sinn hátt tengdir barmmerkinu.

Þórarinn var einn þeirra sem vakti Blaðamannafélagið til lífsins 1937 sem aftur stóð fyrir heimsókn dönsku blaðamannanna og varð til þess að merkið var teiknað og steypt. Þorbjörn hafði hins vegar milligöngu um að færa Blaðamannafélaginu mót merkisins frá Svavari Hjaltested sem aftur hefur verið notað til að slá merkin handa þeim Þórarni og Þorbirni. Þorbjörn minnist þess að hafa verið heiðraður en man óljósar eftir merkinu. Mynd sem tekin var við afhendinguna sýnir hins vegar svo ekki verður um villst að merkið hefur verið fest í jakka hans.

Fimm árum síðar eða á 90 ára afmæli Blaðamannafélagsins dregur enn til tíðinda. Þá var efnt til sögusýningar og í tengslum við hana kemur Árni Gunnarsson, fyrrverandi útvarpsfréttamaður, alþingismaður og formaður félagsins, á fund forráðamanna þess og afhenti félaginu allmörg heiðursmerki. Þessi merki segist Árni hafa fundið þegar hann var að fara í gegnum skáp á skrifstofu fyrrverandi fréttastjóra síns, Jóns Magnússonar. Ekki fylgir sögunni hvort það voru einhver þessara merkja sem voru



Þórarinn Þórarinsson og Þorbjörn Guðmundsson þegar þeir fengu heiðursmerkið árið 1982.

notuð til að heiðra næstu félaga BÍ sem þau hlutu, en óneitanlega hefði farið vel á því vegna þess að annar þeirra var eftirmaður Jóns í fréttastjórastarfinu, Margrét Indriðadóttir. Hinn var Sverrir Þórðarson á Morgunblaðinu.

Hallur Símonarson var sæmdur heiðursmerkinu 1991 eftir meira en 40 ára starf í blaðamennsku og á 95 ára afmæli félagsins hlutu merkið Matthías Johannessen og Elín Pálmadóttir, sömuleiðis fyrir meira en 40 ára samfleytt starf í faginu. Á 100 ára afmæli Blaðamannafélags Íslands 1997 er komið að þeim Birni Jóhannssyni, Atla Steinarssyni og Gísla Sigurðssyni að hljóta merkið og við veitingu blaðamannaverðlauna Blaðamannafélags Íslands í fyrsta sinn árið 2004 hlutu heiðursmerkið þau Jónas Kristjánsson, Fríða Björnsdóttir, Kári Jónasson og Oddur Ólafsson. Síðast var heiðursmerkið afhent á Pressuballi árið 2006 en þá hlutu það Björn Vignir Sigurpálsson, Magnús Finnsson og Steinar J. Lúðvíksson.

Svo slysalega tókst til þegar merkið var síðast slegið að mótið brotnaði og hefur nú verið gerð gangskör að því nýtt mót verði smíðað.



Hver var Svavar Hjaltested?

Nokkur tímamót urðu óneitanlega í íslenskri blaðasögu hinn 31. mars 1928 þegar út kom fyrsta tölublaðið af Fálkanum eða eins og segir í blaðinu sjálfu 35 árum síðar: „Með útkomu Fálkans var brotið blað í sögu blaðamennskunnar hér á landi. Hafin var útgáfa fyrsta myndskreytta vikublaðsins og jafnframt blaðs sem ekki var háð neinni stjórnmálastefnu.“

Þar segir ennfremur að tildrögin að stofnun Fálkans hafi verið þau að Vilhjálmur Finsen, stofnandi Morgunblaðsins, hafi lengi velt því fyrir sér hvort tök væru á að gefa út myndskreytt vikublað hér á landi. „Þegar hann hafði selt Morgunblaðið og starfaði sem blaðamaður á Dagens Nyheter, ákvað hann að gera þessa hugmynd sína að veruleika. Hann fór þess á leit við Svavar Hjaltested að hann gerðist meðeigandi og stofnandi að blaðinu ásamt þriðja manni. Þeir voru heilt ár að undirbúa blaðið, útvega sambönd í myndamótum og efni og fleira. 1928 kemur Skúli Skúlason til landsins frá Kaupmannahöfn, en hann hafði verið samstarfsmaður Vilhjálms í fjöldamörg ár á Morgunblaðinu og getið sér gott orð sem dugmikill og fjölhæfur blaðamaður. Hann gerðist þriðji stofnandinn og aðalritstjóri.”

Fálkinn var frumkvöðull í íslenskri blaðaútgáfu á margvíslegan hátt. Hann birti fyrstur blaða afmælismyndir af þekktum borgurum, hann birti fyrstu krossgátuna sem birtist í íslensku blaði, og hann kynnti fyrstu myndasögupersónuna hér á landi, Adamson. Fékk blaðið mjög góðar viðtökur. Þegar Vilhjálmur Finsen varð sendiherra í Svíþjóð urðu þeir Skúli og Svavar tveir eigendur Fálkans. Þeir störfuðu saman stöðugt við blaðið í 34 ár. Skúli var ritstjórinn öll þessi ár enda þótt hann dveldist langdvölum í Noregi, sendi þaðan allt efni blaðsins nema hið innlenda sem unnið var hér heima. Svavar var á sama tíma framkvæmdastjóri blaðsins og jafnframt auglýsingastjóri og afgreiðslustjóri.



Svavar Hjaltested.

Með tímanum harðnaði á dalnum hjá Fálkanum í harðri samkeppni við Vikuna sem tefldi fram yngra og frískara liði og á endanum var blaðið tekið upp í prentskuld en þeir Skúli og Svavar hurfu á braut snemma á sjöunda áratugnum. Svavar réðst þá, kominn af léttasta skeiði, til Almennra trygginga en þar átti hann eftir að starfa í 28 ár til viðbótar eða til ársloka 1987 er hann lét af störfum 86 ára að aldri. Hann lést í september 1991.

BVS


Gullsmiðurinn dverghagi

Leifur Kaldal (1898-1992), sá er teiknaði heiðursmerki Blaðamannafélags Íslands, er einn þekktasti gullsmiður Íslendinga, bróðir Jóns Kaldals, þess þekkta ljósmyndara og því afabróðir Jóns Kaldals ritstjóra.

Leifur átti langa starfsævi, smíðaði silfur og gullgripi af margvíslegustu gerðum og tileinkaði sér á margan hátt nýstárlegar hugmyndir og tækni, segir Lesbók Morgunblaðsins í tilefni sýningar Leifs á Listahátíð 1994. Leifur hóf nám hjá Baldvin Björnssyni gullsmíðameistara 1915 og lauk námi 1920. Síðan var hann um tíma við gullsmíðar í Berlín og hálft fjórða ár í München þar sem hann lagði stund á höggmyndalist og graflist. Í Lesbókargreinninni er vitnað í grein um Leif Kaldal eftir Þór Magnússon, þar sem fram kemur að það nám hafi átt eftir að nýtast honum ekki síður en iðnnámið sjálft. Hann kom heim árið 1925 og settist að í Reykjavík.

Í framgreindri grein segir að framan af hafi gullsmíði Leifs verið eins og annað það, sem þá var mest smíðað, víravirki og upphlutsskraut á þjóðbúninginn, millur, belti og hnappar en þetta voru hefðbundin störf gullsmiða á þessum tíma. Leifur fór þó snemma nýjar leiðir eins og listnám hans gaf tilefni til. Hugur Leifs stóð mest til að smíða eftir eigin höfði og frá allri hans starfsævi er mikið til af hugmyndum, frumrissi og fullgerðum smíðateikningum hans að skartgripum og kirkjusilfri, skrautgripum og borðsilfri. Þess vegna hafi hann fjöldaframleitt mjög takmarkað gripi þegar sú tækni fór að ryðja sér til rúms upp úr 1930.

Ennfremur er nefnt að á sýningu, sem Leifur tók þátt í sumarið 1932, hafi verk hans fengið lofsamlega dóma og segir í blaðagrein frá þessum tíma að maður muni hlutina lengi eftir að þeir séu skoðaðir, svo sérkennilegir séu þeir og svo fáguð á þeim vinnan, sniðin svo óbrotin og um margt alger nýbreytni. Allir þessir hlutir voru fullunnir af Leifi, allt frá hönnun til lokafrágangs.



Leifur Kaldal.

Silfurlampi og borgarstjórakeðja

Leifur fór snemma að smíða kirkjugripi að því er segi í grein Þórs Magnússonar og altarissilfur í Hafnarfjarðarkirkju muni vera hið fyrsta, sem frá honum kom þeirrar gerðar, og er frá árinu 1936. Það eru kaleikur og patína, vínkanna og oblátuöskjur, allt með sérkennilegu og þá nýstárlegu lagi. Á eftir fylgdu margir kirkjugripir, sem þóttu bæði frumlegir og glæsilegir og bera vott um mikið listrænt innsæi Leifs.

Leifur lét heldur ekki sitt eftir liggja við smíði verðlaunagripa og meðal gripa eftir hann er Silfurlampinn, sem var veittur leikhúsfólki um 19 ára skeið; smíðaði hann þann fyrsta 1954 og síðan árlega til 1973. Hann var líka oft kallaður til að smíða heiðursgjafir til erlendra þjóðhöfðingja.

Einn mesti gripur, sem Leifur smíðaði, er þó borgarstjórakeðjan, sem Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík gaf Reykjavíkurborg á 100 ára afmæli sínu 1967. Smíði hennar tók tvo mánuði. Auk þessa smíðaði hann ýmis líkön úr silfri af opinberum byggingum og fyrst í þeim flokki var líkan af Háskóla Íslands. Í kjölfarið fylgdu svo líkön af Dómkirkjunni í Reykjavík, af Menntaskólanum í Reykjavík og fleirum.

Á milli stærri verkefna smíðaði Leifur alla tíð mikið af íslensku kvensilfri, silfur- og gullhnappa, skeiðar, tóbaksdósir, pontur, minningarskildi, hringa, húna á göngustafi og ótal fleiri fjölbreytilega hluti. Leifur Kaldal varð heiðursfélagi í Félagi íslenskra gullsmiða 1974 og hlaut ýmsar viðurkenningar á langri ævi sinni, segir í þessari Lesbókargrein. *BVS*

Heimsókn til London

Síðsumars var farið í kynnisferð á fjölmiðla í London og fékkst til fararinnar m.a. styrkur frá Blaðamannafélagi Íslands. Hér á eftir er stutt frásögn úr ferðinni.



Eftir Magnús Halldórsson

Spjall við Ingibjörgu Þórðardóttur, „frontpage editor“ hjá vefsíðu BBC, 22. ágúst

Ingibjörg sinnir vefsíðu BBC sem einblínir á Bretland, ekki alþjóðlegar fréttir.

BBC horfir ekkert á það hvaða fréttir eru að „klikka“ best á vefnum, heldur einblínir á það sem álitið er fréttnæmast í hvert skipti.

Fréttum er breytt ítrekað, bæði meginefni og fyrirsögnum, eftir því sem málum vindur fram. Fyrstu frétt af máli er haldið efst uppi á forsíðu frekar en að fylgja málum eftir með nýjum fréttum, líkt og algengast er með vefi sem eiga allt sitt undir sífelldum nýjum „klikkum“ frá notendum, til þess að styrkja vefina sem auglýsingavettvang.

BBC er langsamlega stærsta vefsíðan í Bretlandi, og sem fréttamiðill sömuleiðis. Skyldur fyrirtækisins eru að mörgu leyti sambærilegar við RÚV hér á landi, nema hvað BBC sinnir alþjóðlegri fréttaþjónustu af miklum metnaði. Sú þjónusta hefur þó verið skorin töluvert mikið niður, einkum í efnahagssamdrættinum á síðustu árum.

Ingibjörg nefndi sem dæmi um hvernig BBC hefði verið farið að sinna þjónustu sem ekki væri innan þeirra marka sem BBC ætti að einblína á, að vefsíða BBC hefði átt stærsta uppskriftasafn í heimi. Er það hlutverk BBC að safna saman uppskriftum og vera með töluvert af starfsfólki í því? Nei, sagði Ingibjörg, og því var sú þjónusta skorin mikið niður, eins og margt annað, sem ekki taldist beint til hins lögbundna fréttahlutverks.

BBC stendur í flutningum og endurskipulagningu á starfsemi, þar sem er verið er að flytja starfsemina í nýtt húsnæði, með það að markmiði að hagræða og samnýta betur ritstjórnarstarfsfólk. En með það að markmiði, samt sem áður, að styrkja faglega vinnu og auka sérhæfingu.

Ingibjörg talaði mikið um bresku pressuna, og hversu mjög hún væri drifin af myndum af konum í bíkini, og krassandi fyrirsögnum. Nefndi hún líka Murdoch-áhrifin, þ.e. fjölmiðla sem eru í eigu Ruperts Murdoch, m.a. Sky, en hún telur að breskur almenningur vantreysti þessum fjölmiðlum.

Ingibjörg hefur aldrei starfað hjá fjölmiðlum á Íslandi, en hefur nú um 10 ára reynslu sem starfsmaður BBC, og er nú í millistjórnendahlutverki á vefnum, eins og áður segir.

Heimsókn til The Guardian 23. ágúst

Anna Clarke, aðstoðarkona Andy Bevin, „managing editor“ The Guardian og The Observer (helgarútgáfan), tók á móti okkur, en hún hafði verið í samskiptum við okkur í tengslum við skipulagningu heimsóknarinnar. Starfsmenn The Guardian, með öllu hjá útgáfunni, eru um 600.

Andy Bevin ræddi síðan við okkur í um 45 mínútur.

Hann ræddi helstu atriði í stefnu blaðsins, þegar kemur að verkferlum, ritstjórnarstefnu og samvinnu milli miðla, þ.e. netsins og stafrænnar útgáfu (snjallsímar, spjaldtölvur).

Bevin sagði að The Guardian ynni eftir „Digital first“-stefnu, og hefði gert það í um það bil ár. Hún felst í því að leggja áherslu á að koma efni til skila fyrst á stafrænu miðlana og netið. Í nokkur ár hafði The Guardian lagt áherslu á „netið fyrst“, þ.e. að bíða aldrei með fréttir, heldur horfa frekar til þess að vera með fyllri umfjöllun í blaðinu, þétta og vandaða fréttaumfjöllun.

Bevin sagði blaðið auk þess ávallt hafa sérstöðu þegar kæmi að vissum umfjöllunum, þ.e. tilteknum efnisatriðum, svo sem innblaðsefni, íþróttum og viðskiptum. Blaðið héldi í gæðaumfjöllun í blaðinu og gerði strangar kröfur um það.

Bevin sagði að The Guardian hefði skýra stefnu um að halda miklum gæðum og hafa þá sérstöðu á vefnum – án þess að gefa eftir gæði í blaðinu. Þar taldi Bevin The Guardian vera í fremstu röð.

Bevin sagði blaðið leggja áherslu á að fylgjast vel með tækninýjungum, sbr. „Digital first“. Mikil áhersla og kraftur færi í þá vinnu.

Bevin sagði að áhersla væri lögð á að halda takmarkaðri lengd á fréttaefni á vefnum, hámarkslengd fréttar væri 800 orð.

Varðandi spjaldtölvur og snjallsíma, sagði hann erfitt að segja hversu hratt hlutirnir gerðust. Mikilvægast væri að fylgjast vel með, og vera alltaf í fremstu röð þegar kæmi að tækninni. Augljóslega væru miklir möguleikar, og viðskiptamódelin þyrftu að taka mið af tækninni á hverjum tíma.

The Guardian er með miðju/vinstristefnu þegar kemur að ritstjórnarefni, sagði Bevin, en sagði það ekki hafa nein áhrif á fréttavinnslu. Þetta væri áratugahefð á blaðinu, sem meðal



Frá höfuðstöðvum The Guardian í London.

annars ætti rót í því að lesendahópur blaðsins meðal opinberra starfsmanna væri stór. Þar á meðal eru margir starfsmenn í skólum, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og þess háttar. Þetta hefur í gegnum tíðina mótað ritstjórnarstefnu blaðsins þegar kemur að leiðaraskrifum og öðru ritstjórnartengdu efni.

Bevin sagði að baráttan við framleiðsluferla væri endalaus, það er að reyna að stýra framleiðslu á efni þannig að álagspunktar myndist ekki á vissum tímum, þá helst milli fjögur og sjö í tilfelli The Guardian.

Jaz Cummins, ritstjóri „samfélags" The Guardian (The Guardian Community) hitti okkur einnig, ásamt samstarfskonu sinni, Lauru. Átta starfsmenn sinna þessu sviði eingöngu.

Starfsmennirnir hafa það verkefni að stýra lesendasamfélagi The Guardian, og tengslum þess við samfélagsmiðla.

Markmiðið er að efla tengsl við lesendur og reyna að yngja lesendahópinn og áskriftarhóp blaðsins.

Meðal þess sem gert hefur verið er að móta lesendasamfélagið og efla umræðu, meðal annars með þátttöku blaðamanna. Það hefur gengið upp og ofan, þar sem sumir blaðamenn hafa ekki mikinn áhuga á þessu, eru hræddir við þessar breytingar, ekki síst þeir sem hafi starfað lengi. Meðal þess sem blaðamenn eru hvattir til þess að gera er að taka þátt í umræðum um greinar sínar og reyna að stýra umræðunni á uppbyggilegan hátt.

Nefndu þau meðal annars sem dæmi óeirðirnar í London fyrir ári. Þar hefðu blaðamenn nýtt sér Twitter, Facebook, Google+ og Youtube í því að ná til lesenda. Sérstaklega hefði Twitter verið áhrifamikið verkfæri. Blaðamenn hefðu fengið margar ábendingar frá lesendum með þessum hætti, og náð betur utan um viðfangsefnið.

Samfélagsverkefnið er í sífelldri skoðun, en mælanlegur árangur hefur náðst, meðal annars með hjálp Facebook, þar sem The Guardian hefur náð að styrkja sig í hópi yngri lesenda, að sögn Cummins.

Við gengum um ritstjórnarhús The Guardian, skammt frá Kings Cross, í London. Það var tekið í notkun 2008, og er umtalað sem glæsilegt ritstjórnarhús.

Húsinu er öllu hólfaskipt eftir sviðum, eins og venja er. Teymin hafa mörg fundarherbergi vítt og breitt til notkunar. Mikið er lagt upp úr teymavinnu.

Morgunfundur fer fram hvern morgun klukkan 10:00 í sérstöku fundarherbergi. Þar er kassalaga gulur sófi, sem fólk getur tyllt sér í og fylgst með gangi mála. Ritstjórinn stýrir fundi og stendur inni í miðjum kassanum. Fólk þarf ekki nauðsynlega að mæta, heldur getur það fylgst með fundinum í gegnum innanhússmyndbúnað og tekið þátt í honum ef því er að skipta frá borði sínu.

Einhver fulltrúi verður þó að mæta frá hverju sviði, s.s. sviði sem skrifar

um listir, mat, menntun, vísindi, viðskipti og daglegar fréttir, svo dæmi séu tekin. Þetta getur þó verið misjafnt eftir því hvað er í gangi. Ef mikið liggur við er vel mætt og verkefnum skipt á milli blaðamanna. Fréttastjórnunarborðið, þar sem iðulega sitja þrjár manneskjur, vinnur úr hugmyndum hvers fundar, og hefur yfirsýn yfir verkefnin hjá hverju teymi og hvernig þróunin er yfir daginn.

Einu sinni í viku, á miðvikudagsmorgnum, eru Off-the-record fundir með sérstökum gesti. Það geta t.d. verið prófessorar, starfsmenn seðlabanka, alþjóðastofnana, þingsins eða aðrir. Um er að ræða upplýsingar sem viðkomandi veitir í trúnaði og ætlað er að styrkja vinnu blaðamanna. Blaðamenn geta komið með tillögur að gesti, en það er ritstjóri sem velur gest í hvert skipti, eða fréttastjórnarborðið.

Ritstjórn The Guardian heldur enn í þá venju að stilla blaðsíðum í blaði morgundagsins upp á töflu, sem staðsett er skammt frá fréttastjórnarborði, þar sem yfirsýn yfir fréttavinnslu fyrir vef, app og blað er fyrir hendi. Blaðasíðurnar, bæði fréttasíður og auglýsingar, eru settar upp jafnóðum.

Starfsmenn The Guardian hafa aðgang að nokkrum stúdíóum þar sem fram fer myndvinnsla og hljóðvinnsla (Podcast) fyrir vefinn. Tónlistarmenn koma til dæmis reglulega í heimsókn og taka lagið og þá fá blaðamenn einnig sérfræðinga í heimsókn og ræða við þá.

Sérstök grafísk deild vinnur saman efni, þvert á miðla, þ.e. netið, video og blað.

Heimsókn til Sky News 24. ágúst

Tim Miller, næst æðsti yfirmaður erlendra frétta hjá Sky, tók á móti okkur og gekk með okkur um starfssvæði Sky. Starfssvæði Sky er risavaxið, í nokkrum byggingum. Við skoðuðum einungis starfsstöð Sky News. Stærsta frétt dagsins þann daginn var dómurinn yfir Breivik. Sky var með mann á „link“ í beinni í Noregi á eigin vegum og síðan einnig fréttamann frá TV2, sem var þeim innan handar.

Fréttaþjónusta er í gangi stanslaust, allan sólarhringinn.

Miller nefndi að reynt væri að finna alltaf skemmtilegar og mannlegar fréttir með helstu málum dagsins.

Fréttaritstjórninni var skipt niður eftir sérhæfingu. Fréttamenn í erlendum fréttum eru saman í teymi, og önnur sérhæfing sömuleiðis.

Tveir menn settust hjá okkur í skamma stund, annars vegar yfirmaður þróunar á ritstjórnarefni fyrir spjaldtölvur og síðan fréttastjóri á vakt, á vefnum.

Sérstök spjaldtölvuritstjórn er starfandi hjá Sky, en mikið kapp er lagt á að byggja upp notendahóp á Sky-appi fyrir spjaldtölvur og síma. Hraður vöxtur einkennir notkunina. Notendur greiða fyrir hana, en hún er hugsuð sem „added value“ fyrir áskrifendur. Fréttaefnið í app-inu er unnið sérstaklega, með grafískum áherslum, þar sem gefin er heildarmynd af stórum málum. Virkilega flott, en dýrt og erfitt tæknilega og krefst sérfræðiþekkingar í forritun og grafískri vinnslu.

Sky ætlar sér stóra hluti þegar kemur að app-i fyrir síma og spjaldtölvur. Efni er sérstaklega útbúið með spjaldtölvur í huga. Vöxturinn hjá fyrirtækinu, hjá nýjum notendum, hefur ekki síst verið mikill hjá þeim sem nýta sér þessa þjónustu, einkum í Bandaríkjunum.

Á vefnum finna þeir sem vinna efni inn á vefinn sérstaklega fyrir áhuga á „gadget“-fréttum, það er fréttum af símum og spjaldtölvum, og síðan einnig fréttum af samfélagsmiðlum. Þessi tvö atriði hafa mikil áhrif á áhugasvið fólks þegar kemur að „neyslu“ á fréttum á vefnum, snjallsímum og spjaldtölvum.

Tæknilega er Sky News í fremstu röð. Fyrirtækið er með 16 fréttamenn sem staðsettir eru víða um heim og ferðast á svæði heimsfrétta þegar þarf. Beinar útsendingar eru þeirra ær og kýr. Miller sagði að búnaður fréttamanna til beinna útsendinga væri allur í einni sæmilega stórri tösku. Það einfaldaði málin og gerði mönnum auðveldara um vik þegar mikið lægi við.

Þá er Sky einnig með stúdíó við Westminister, breska þinghúsið, sem notað er við þingfréttir.

Heimsókn til Channel 4 25. ágúst

Fréttastjóri Channel 4, *Luke Jacobson,* tók á móti okkur og fór yfir stöðu mála og skipulag. Það var að mestu hefðbundið ritstjórnarskipulag, þó húsakynnin hafi verið stór og mikil í íslenskum samanburði.

Fréttavaktin þennan laugardag var fremur fámenn og fátt í fréttum, að sögn fréttastjóra.

Channel 4 hefur orð á sér fyrir að vera áreiðanleg fréttastofa, vinnur fremur langar fréttir með „lægra tempói“ en fréttastofur eins og Sky.

Á virkum dögum er kvöldfréttatími Channel 4 allt að 54 mínútur, að því er Luke sagði, en um helgar eru tímarnir styttri en geta þó lengst ef efni standa til þess. Fréttatíminn sem við sáum var í styttra lagi, í allt um 25 mínútur.

Okkur fannst „anchor-inn“ frekar ó-augljós „anchor“, en fréttastjórinn nefndi sérstaklega við okkur að konan sem um ræðir væri afbragðsfréttamaður og virt sem slíkur. Hugsanlega hefur hún myndað samband við áhorfendur og lesendur, sem traustur og góður fréttamaður, og sé þess vegna í þessu hlutverki.

Í fréttatímanum, sem við fylgdumst með úr „pródúser“-herbergi, voru fimm fréttir. Aðalfréttin var um samræmd próf í breskum unglingaskólum en til þess að geta farið í háskólanám í framtíðinni þarf að ná ákveðinni lágmarkseinkunn í prófinu. Prófið er umdeilt og framkvæmdin á því þótti gölluð. Sérstaklega var mikil óánægja í hverfum fátækra.

Fyrsta frétt var unnin með hægu „tempói“, „solid“ ríflega þriggja mínútna frétt, þar sem fjallað var um prófin og mikilvægi þeirra fyrir breskan almenning. Síðan var grafísk útfærsla á aðalatriðunum í deilumálinu, þar sem punktarnir birtust á blaði sem gat verið prófblaðið; jafnt og þétt undir lestri fréttamanns. Viðtöl birtust við kennara, og myndefni af nemendum sem voru að opna einkunnarumslög sín, ýmist ánægðir eða niðurbrotnir, notað.

„Anchor-inn“ tók síðan viðtal við álitsgjafa sem hafði komið að framkvæmd prófanna áður fyrr, og var gagnrýninn á framkvæmdina nú. Hann sagði niðurstöðuna vera breyti-

lega eftir því hvort nemendur tóku prófin í janúar eða júlí.

Fréttin um milljarðs dala sekt á Samsung, vegna stríðs við Apple, var ein af aðalfréttunum. Hún var frábærlega útfærð. Fréttamaður sýndi með símunum, hlið við hlið, hvað það hefði verið sem Samsung var dæmt fyrir; það er hvaða tæknilegu atriði málið snerist um. Þetta færði deiluefnið beint í fang áhorfenda. Síðan var málið „tæmt“ með hefðbundnum hætti, talað um hvað væri mikið undir, og að þetta snerti almenning sem neytendamál.

Loks var notað efni frá fréttamanni Channel 4 sem staðsettur er á föstum pósti, annar tveggja utan Bretlands, í Bangkok. Það var tæplega fjögurra mínútna frétt frá Laos, mannlegs eðlis.

Það sem eftir stendur – þrír punktar

1. Fjölmiðlun stendur á merkilegum tímamótum vegna innleiðingar á nýjum miðlunarformum fyrir upplýsingar: snjallsímum og spjaldtölvum. Í reynd er fjölmiðlavinna og ritstjórnarvinna á hvolfi vegna þess hve þetta gerist hratt, en mörg hundruð milljónir snjallsíma og spjaldtölva hafa komist í hendur fólks um allan heim á aðeins tveimur árum. Stanslaus aukning einkennir þennan markað. Aðlögunin að þessu er mismunandi eftir áherslu fjölmiðla, en bæði hjá The Guardian og Sky komu þau sjónarmið fram að þetta skapaði mikil tækifæri fyrir „sylluefni“, þ.e. sérhæft efni á borð við viðskipti, uppskriftir, gagnrýni, menningarumfjöllun, stjórnamálaumfjöllun, umhverfismál og svo framvegis. Í gegnum app er hægt að selja þessa umfjöllun sérstaklega – eða gefa hana. Stóra spurningin lýtur að því, eins og alltaf, hvernig hægt sé að græða peninga á miðlun upplýsinga í gegnum þessa tækni. En tæknin er í reynd draumur blaðamannsins; hún gefur kost á því að velja miðil eftir því hvað hentar efninu best. Þannig getur snjallsímanotandi séð sjónvarpsfrétt, hlustað á útvarpsfrétt, lesið pistil, skoðað grafík – og skoðað umfjöllun sem er unnin úr þessu öllu. Þetta hefur ekki verið hægt með jafn góðu móti fyrr en snjallsímar og spjaldtölvur komu fram.
2. Ísland er eitt og umheimurinn annað. Það getur verið yfirþyrmandi að skoða stór fjölmiðlafyrirtæki. Spurningin er: Hvernig kemur veruleiki The Guardian og Sky, t.d., Íslandi við? Að vissu leyti blasir við að mikið af vinnu þessara miðla er ekki mögulegt á Íslandi. Í fyrsta lagi er markaðurinn alltof lítill, í öðru lagi er of lítið af starfsfólki og í þriðja lagi er einfaldlega ekki verið að sinna sömu þjónustu. Mesti munurinn er þó innri gerð markaðanna. Á Íslandi er Fréttablaðið langstærst á prenti, borið heim til fólks. Alvöru blað, allt sem þú þarft. Þetta mótar auglýsingamarkaðinn að miklu leyti, samanborið við miklu meiri „dínamík“ og valkosti á markaðnum í Bretlandi. Helstu líkindin eru þau, að sama tæknin er að ryðja sér til rúms hér og þar. Snjallsímar og spjaldtölvur annars vegar, með öllum þeim möguleikum, og síðan samfélagsmiðlarnir. Þeir eru komnir til að vera, að mati fjölmiðlafyrirtækjanna, og það þýðir ekki að líta á þá sem afþreyingu heldur viðskiptatækifæri. Ástæðan er sú að þeir eru að „breyta samskiptum fólks“ eins og Cummins hjá Guardian sagði.
3. Gamall skólabróðir Þórðar Snæs úr mastersnámi í Edinborg, Kanadamaður að nafni Luke Skipper sem starfar sem starfsmannastjóri skoska þjóðernisflokksins í Westminister, fór með okkur um allt breska þinghúsið – og á innanhússbar (enginn skattur á bjórnum, ódýrasti kranabjór í London. Þingmennirnir sjá um sína!). Þar hittum við einn blaðamanna The Guardian, Simon Bowers, sem hefur skrifað töluvert um Ísland. Hann sagði okkur eitt sem var mikilvægt að fá til mótvægis því sem við höfðum heyrt frá yfirmönnunum: Þó stefnan hjá fjölmiðlunum geti verið mjög áhugaverð og flott, eins og samfélagsmiðlastefna The Guardian, þá ganga hlutirnir aldrei smurt fyrir sig. Bowers nefndi að stundum kæmi póstur þar sem allir væru beðnir að „twitta“, en síðan mánuði seinna annar þar sem allir væru beðnir að „twitta“ ekki! Punkturinn er þessi: Ekkert er auðvelt og gengur smurt, sérstaklega ekki í fjölmiðlavinnu sem breytist líklega meira og hraðar en mörg önnur vinna.



Blaðamannafélagið 115 ára

Fyrir 115 árum, eða 19. nóvember 1897, komu saman fulltrúar nokkurra helstu blaða í Reykjavík og samþykktu að stofna með sér blaðamannafélag. Var félagsstofnunin síðan formlega staðfest hinn 4. janúar 1898 þegar lög voru samþykkt fyrir Hið íslenska blaðamannafélag, nú Blaðamannafélag Íslands.


Helsti forgöngumaður þessarar félagsstofnunar var Jón Ólafsson, ritstjóri, sennilega litríkasti blaðamaður íslenskrar fjölmiðlasögu, en hann var þá tiltölulega nýkominn heim eftir aðra dvöl sína í Vesturheimi. Jón hafði daginn áður sent út bréf til að boða til þessa stofnfundar. Þar stóð:

Stofnbréf BÍ

Það eru vinsamleg tilmæli mín við yðr, að þér vilduð gera svo vel að koma niðr á salinn á Hotel Island (þar sem stúdentafélagið er vant að halda fundi) á föstudaginn 19. nóv. kl. 8 1/2 síðdegis. Tilgangr minn er, að bera upp við yðr tillögu um stofnun blaðamanna-félags, bæði í því skyni að efla hagsmuni stéttar vorrar á ýmsa lund og efla félagslega umgengni og viðkynning blaðamanna á milli.

Skal ég á fundi þessum reyna að skýra fundarefnið ýtarlegar og benda á ýmisleg verkefni, er mér hafa hugkvæmzt sem sennileg viðfangsefni fyrir blaðamannafélag, ef það komist á.

Bréfið stílaði Jón á Hannes Þorsteinsson, útgefanda og ritstjóra Þjóðólfs, Björn Jónsson, útgefanda og ritstjóra Ísafoldar, Einar Hjörleifsson (síðar Kvaran) meðritstjóra Ísafoldar, hjónin Valdimar Ásmundsson, útgefanda og ritstjóra Fjallkonunnar, og Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, útgefanda Kvennablaðsins, Einar Benediktsson, útgefanda og ritstjóra Dagskrár, Þorstein Gíslason, útgefanda og ritstjóra Íslands, og Jón Jakobsson, útgefanda Nýju aldarinnar sem Jón Ólafsson ritstýrði.



Stofnbréf Blaðamannafélags Íslands.

Stofnfundurinn var síðan haldinn samkvæmt fundarboðinu og mættu þar allir nema Einar Benediktsson og Hannes Þorsteinsson, en sá síðarnefndi átti þá einmitt í harðvítugum málaferlum við Björn í Ísafold. Þetta bréf Jóns Ólafssonar með fundarboðinu var fært Blaðamannafélagi Íslands til eignar hinn 20. mars 1950 á 100 ára afmælidegi Jóns Ólafssonar af dóttursyni hans, Hákoni Bjarnasyni, þáverandi skógræktarstjóra. Bréfið er nú varðveitt meðal ýmissa annarra skjala blaðamannafélagsins á Landsbókasafninu.

Skrykkjótt starfsemi framan af

Starfsemi blaðamannafélagsins var skrykkjótt framan af síðustu öld, oft vegna deilna blaðanna og ritstjóra á milli en segja má að samfelld saga félagsins sé til í fundargerðabókum frá því 1942. Skjöl félagsins sem eru varðveitt í Landsbókasafni eru frá tímabilinu upp úr 1930 en þó aðallega frá 1942 til um 1960. Þau eru flest hver úr fórum Jóns Bjarnasonar á Þjóðviljanum sem var formaður félagsins um skeið og lengi ritari þess. Meðal þess sem er að finna í þessu safni er vísir að blaðamannatali sem félagið hefur á þessum tíma verið byrjað að láta taka saman. Prentað hefur verið sérstakt eyðublað sem bæði starfandi blaðamenn og eins nýir umsækjendur um aðild að félaginu hafa átt að fylla út. Félagatal Blaðamannafélags Íslands er engan veginn tæmandi þar sem enn vantar margan blaðamanninn í talið sem vitað er að voru starfandi á þessum tíma. Hins vegar eru af hálfu félagsins uppi áform um að gera þar bragarbót á með því að fylla upp í eyðurnar ásamt fróðleik um blaðamenn fyrri tíma.

Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur gilda frá 1. nóvember 2011:

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 400 þúsund kr. á mánuði í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 12 þúsund kr. á ári að 28 þúsund kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Sjúkratryggingum ríkisins.

Sjúkraþjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 40 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Frá ársbyrjun 2006 nemur styrkfjárhæð 350 þúsund kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjóvganir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjóvgana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 50 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 75 þús. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir 15 skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

Heilsuhæli:

Greitt er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 75 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæm framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 50 þúsund á 36 mánaða fresti.

Göngumæling/Innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 20 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 125 þúsund kr.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Heilsuefling:

Veittur er styrkur vegna heilsueflingar sem getur numið allt að helmingi kostnaðar, þó ekki hærri en sem nemur 15 þús. kr. á hverju almanaksári gegn framvísun frumrits reiknings.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun frumrits fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 28 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum.
Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofssjóði Tryggingastofnunar ríksins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Blaðamannafélagsins, www.press.is

Blaðamanna verðlaun 2011

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélagsins fyrir árið 2011 voru afhent í Gerðarsafni þann 3. mars síðastliðinn. Níu höfðu verið tilnefndir í þremur flokkum, en þrír hlutu verðlaun, einn í hverjum flokki. Hér á eftir verður gerð grein fyrir tilnefningum og verðlaunahöfum ásamt rökum dómnefndar.

Tilnefningar til verðlauna

Blaðamannaverðlaun ársins 2011 – tilnefningar dómnefndar

Helgi Bjarnason, Morgunblaðinu, fyrir vandaðan og margháttaðan fréttaflutning af nýjungum í atvinnulífi og stöðu og íbúaþróun á Vestfjörðum og í landbúnaði, m.a. með ræktun repju til orkuframleiðslu.

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, DV, fyrir fjölbreytt og mikilvæg skrif um samfélagsvandamál, svo sem ofbeldi, einkum er varða hlutskipti kvenna.

Jón Björgvinsson, Ríkisútvarpinu, fyrir einstakan fréttaflutning af vettvangi „arabíska vorsins“, uppreisnum gegn einræðisstjórnum í Norður-Afríku.

Umfjöllun ársins 2011 – tilnefningar dómnefndar

Helga Arnardóttir, Stöð 2, fyrir umfjöllun um endurupptöku Geirfinnsmálsins m.a. á grundvelli nýrra gagna sem hún kynnti til sögunnar.

Skapti Hallgrímsson, Morgunblaðinu, fyrir umfjöllun um Helgu Sigríði Sigurðardóttur sem fékk hjartaáfall 12 ára gömul 2010.

Þóra Tómasdóttir, Fréttatímanum, fyrir umfjöllun um ofbeldi innan veggja Landakotsskóla.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2011 – tilnefningar dómnefndar

Ingi Freyr Vilhjálmsson, DV, fyrir umfangsmikinn og ágengan fréttaflutning af uppgjöri og afleiðingum fjármálahrunsins.

Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kastljósi, fyrir áhrifaríka umfjöllun um læknadóp, útbreiðslu þess og skelfilegar afleiðingar.

Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu, fyrir fréttaflutning af mengun vegna díoxíns frá sorpbrennslum í Skutulsfirði, á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum.



Verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna og fyrir Myndir ársins 2011.

Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Blaðamannaverðlaun ársins 2011

Jón Björgvinsson, Ríkisútvarpinu, hlýtur Blaðamannaverðlaun ársins 2011 fyrir einstakan fréttaflutning af vettvangi „arabíska vorsins“, uppreisnum gegn einræðisstjórnum í Norður-Afríku. Innslög Jóns í fréttatímum Ríkisútvarpsins á síðasta ári, og raunar miklu lengur, hafa vakið eftirtekt, enda mikilvægt fyrir almenning að fá millilíðalaust upplýsingar og mat fréttamanns af vettvangi heimsatburða. Staðlaðar og matreiddar fréttir alþjóðlegra fréttastofa eru vissulega mikilvæg uppspretta upplýsinga sem gefa ákveðna heildarmynd sem fréttastofa RÚV gat notað sem umgjörð utan um fréttir Jóns. Hins vegar er ómetanlegt fyrir almenning á Íslandi að fá fréttir beint af vettvangi frá blaðamanni sem skilar frásögn sinni inn í íslenskan menningarheim og hugsunarhátt og segir frá á góðri íslensku. Á árinu 2011 færði Jón Björgvinsson þá mikilvægu heimssögulega atburði sem urðu í Egyptalandi, Túnis, Líbýu og víðar í Norður-Afríku heim í íslenskar stofur á vandaðan og áhrifaríkan hátt, og sinnti þannig með eftirbreytniverðum hætti hlutverki sínu sem blaðamaður, stundum jafnvel við lífshættulegar aðstæður.

Besta umfjöllun ársins 2011

Helga Arnardóttir, Stöð 2, hlýtur verðlaunin Besta umfjöllun ársins 2011 fyrir umfjöllun um endurupptöku Geirfinnsmálsins, m.a. á grundvelli nýrra gagna sem hún kynnti til sögunnar. Geirfinns- og Guðmundarmál hafa verið mikið rædd og rannsökuð og hafa komið upp með ákveðnu millibili í íslenskri fjölmiðlaumræðu undanfarna áratugi. Slíkt gerði það sérstaklega vandasamt að fjalla um málið svo að áhuga vekti og að bætt væri við mikilvægum upplýsingum sem máli skipta. Þetta tókst Helgu sérstaklega vel í tveggja þátta umfjöllun sinni um málið. Samhliða því að hún rifjaði upp málavexti og staðreyndir málsins og blandaði smekklega saman nýju og gömlu myndefni, þá voru kynntar mikilvægar upplýsingar sem ekki höfðu komið fram áður. Það voru dagbækur Tryggva Rúnars Leifssonar frá því hann sat í gæsluvarðhaldi vegna málsins og var innihald þeirra borið undir Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing. Bæði dagbækurnar og umsögn Gísla voru nýjar upplýsingar í þessu gamla máli og skiptu miklu um þá ákvörðun stjórnvalda að láta skoða málið enn á ný. Umfjöllun Helgu var í jafnvægi og framsetning áhugaverð og einkenndist af faglegum vinnubrögðum og góðri blaðamennsku.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2011

Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu, hlýtur Rannsóknarblaðamennskuverðlaun ársins 2011 fyrir fréttaflutning af mengun vegna díoxíns frá sorpbrennslum í Skutulsfirði, á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum. Skrif Svavars um málið byggðu á umfangsmikilli og vandaðri gagnavinnslu og drógu fram í dagsljósið ýmsa vankanta og gloppur í stjórnsýslu umhverfismála ríkis og sveitarfélaga. Svavar velti við steinum og beindi athygli að einstökum atriðum varðandi sorpbrennslu samhliða því að málið var sett í víðara samhengi alþjóðlegra skuldbindinga og undanþága sem Ísland hefur fengið. Afhjúpanir Fréttablaðsins urðu tilefni almennra frétta og umfjöllunar í samfélaginu og áttu stóran þátt í að farið var í ýmis konar úttektir og rannsóknir á þessum málum á vegum opinberra aðila og umfangsmikla sýnatöku úr jarðvegi og heilsufarsrannsóknar á fólki sem búið hafði á mengunarsvæðunum. Vönduð rannsóknarblaðamennska Svavars, sem birtist m.a. í yfirvegun, eftirfylgni og frumkvæði, var þannig mikilvægur varðhundur almannahagsmuna á árinu 2011.

Myndir ársins 2011

Sýningin Myndir ársins var opnuð þann 3. mars og stóð í rúman mánuð. Blaðamannaverðlaun og verlaun fyrir Myndir ársins voru afhent við sýningaropnunina. Það var Daníel Rúnarsson, sem tók mynd síðasta árs að mati dómnefndar. Myndin var einnig valin Fréttamynd ársins. Aðrir verðlaunahafar eru Eyþór Árnason, Kjartan Þorbjörnsson, Kristinn Magnússon og Rakel Ósk Sigurðardóttir.

Það voru einnig veitt verðlaun fyrir myndskeið ársins. Brynja Dögg Friðriksdóttir, kvikmyndatökumaður hjá RÚV, hlaut verðlaun fyrir myndskeið ársins í flokknum daglegt líf og Baldur Hrafnkell Jónsson, hlaut verðlaun fyrir myndskeið ársins í flokknum fagmennska. Við óskum þeim innilega til hamingju.

Dómnefndin sem dæmdi myndir blaðaljósmyndara var skipuð fimm einstaklingum. Þeir fengu það erfiða hlutskipti að velja úr rúmlega 1.000 innsendum ljósmyndum yfir 30 ljósmyndara. Dómnefndin valdi 72 myndir á sýninguna í ár. Dómnefndina skipuðu þau Thomas Borberg, myndritstjóri Politiken; Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari; Ásdís Ásgeirsdóttir ljósmyndari; Friðþjófur Helgason ljósmyndari og Þorvaldur Örn Kristmundsson ljósmyndari. Þrír aðilar sáu um að dæma lifandi myndir. Ingi R. Ingason, framleiðandi/kvikmyndatökumaður; Sólveig Kr. Bergmann, fréttakona Stöð 2 og Kolbrún Kristjánsdóttir.

Ýmsir aðilar koma að undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar og eru þeim öllum færðar kærar þakkir. Íslandsbanki styrkti sýninguna í ár með veglegum verðlaunum. Er sérstök ástæða til að þakka bankanum, sem og Blaðamannafélagi Íslands, fyrir stuðninginn. Sögur útgáfa sá um útgáfu bókarinnar Myndir ársins, en Menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands fjármagnaði útgáfu bókarinnar. Árni Torfason sá um hönnun bókarinnar. Um prentun ljósmynda á sýningunni sá Christopher Lund.



Verðlaunahafar fyrir Myndir ársins 2011.

Verðlaunamyndirnar 2011



Dómnefnd:
Thomas Borberg, myndritstjóri Politiken
Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari
Ásdís Ásgeirsdóttir ljósmyndari
Friðþjófur Helgason ljósmyndari
Þorvaldur Örn Kristmundsson ljósmyndari

Mynd ársins og fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Daníel Rúnarsson



Umsögn dómnefndar:

Fréttamynd ársins sýnir alþingismann falla í jörðina eftir eggjakast áhorfanda. Aðrir þingmenn bregðast skjótt við og er myndin afar góð ljósmynd af fréttnæmum atburði. Hún sýnir okkur ef til vill hvar þjóðin er stödd eftir hrunið þar sem reiði og biturð almennings í garð stjórnmálamanna er enn til staðar, og þá staðreynd að við þurfum enn her lögreglu til að gæta öryggis fyrir utan Alþingi.

Íþróttamynd ársins





Ljósmyndari:
Kristinn Magnússon

Álit dómnefndar:

Íþróttamynd ársins er óvenjuleg í ár og sýnir frosið augnablik fimleikastúlku. Myndin er vel uppbyggð og svartur bakgrunnur dregur enn frekar fram tignarlega stellingu augnabliksins.

Daglegt líf




Ljósmyndari:
Eyþór Árnason.



Álit dómnefndar:

Verðlaunamyndin í flokki daglegs lífs veitir okkur innsýn í fallega sögu um dreng sem bjargaði fugli og fóstraði hann til heilsu. Einlægt augnaráð drengsins blasir við og umhyggja fyrir fuglinum er ljós. Birtan sem kemur inn um gluggann gefur myndinni dramatískan blæ þar sem ljós og myrkur spila saman.

Tímaritamynd ársins





Ljósmyndari:
Kristinn Magnússon

Álit dómnefndar:

Tímaritamynd ársins er frumleg og skemmtileg. Hún er vel upp byggð, ljós og skuggar notaðir á fallegan hátt og litirnir flottir.

Portrettmynd ársins

Álit dómnefndar:

Portrettmynd ársins er skemmtileg og vel uppbyggð og dregur fram bros hjá áhorfandanum. Umhverfið er sérlega íslenskt og stoltið skín úr andliti mannsins.



Ljósmyndari:
Rakel Ósk Sigurðardóttir



Umhverfismynd ársins





Ljósmyndari:
Eyþór Árnason

Álit dómnefndar:

Umhverfismynd ársins sýnir fegurðina í grámyglunni. Einmana fellihýsi stendur yfirgefið í gróðurlausri íslenskri sveit þar sem aska virðist hafa litað allt í gráu. Myndin gefur raunsæja mynd af íslensku umhverfi og er laus við alla væmni.

Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Daníel Rúnarsson



Álit dómnefndar:

Mynd ársins er sú sama og fréttamynd ársins.

Myndröð ársins




















Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson

Álit dómnefndar:

Myndröð ársins sýnir baráttu ungs drengs og fjölskyldu hans við hvítblæði. Myndröðin er sérlega sterk og sýnir allt litróf tilfinninga; sorg, gleði, áhyggjur, von, umhyggju og ást. Hér hefur ljósmyndarinn náð á nærgætinn hátt að komast nálægt viðfangsefninu og sýnir hér myndröð sem hreyfir við áhorfandanum.

Ekki brot

Mál nr. 1 2012/2013
Aðsent 17. október 2012

Kærandi: NN
Kærðu: Miðlar 365 – Vísir, Fréttastofa Stöðvar 2, Fréttablaðið.

Kæruefni

Nafn- og myndbirting vegna fíkniefnamáls.

Málsmeðferð

Í kæru þessari er óskað eftir áliti og úrskurði siðanefndar Blaðamannafélagsins hvort ákveðnar tilgreindar umfjallanir og myndbirting af einstaklingnum XXX brjóti gegn siðareglum Blaðamannafélagsins og er aðallega átt við nafn- og myndbirtingu sem þar hafi átt sér stað og kærandi telur brjóta í bága við 3. og 4. grein siðareglna BÍ.


Þar segir annars vegar í 3. grein: *Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.*

Í 4. grein segir: *Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.*

Kærandi er mægður XXX og metur siðanefnd aðildina fullnægjandi.

Málavextir

Með kærunni eru lögð fram eftirfarandi gögn: Útprent á frétt á *visir.is* „Íslendingar í Danmörku flæktir í risavaxið fíkniefnamál" og tengill á umfjöllun *Stöðvar 2* á sömu frétt, unnin af sama fréttamanni, og birtist 25. september 2012, svo og afrit af forsíðufrétt *Fréttablaðsins* um sama mál 26. september 2012 undir fyrirsögninni „Íslenskur smyglhringur handtekinn í Danmörku og Noregi".



Fyrir liggur í málinu að kærandi hafi rætt við ritstjóra blaðsins og fréttamanninn sem átti fréttirnar bæði á *visi.is* og *Stöð 2* til að spyrjast fyrir um ástæður nafn- og myndbirtingar og í báðum tilfellum hafi svarið verið umfang málsins.

Siðanefnd fjallaði um kæruna á fundi sínum 23. október 2012, þar sem ákveðið var að óska eftir umsögn kærða, á fundi 6. nóvember 2012 til að fara yfir svör kærða og aftur 13. nóvember 2012 til að kveða upp og ganga frá úrskurði siðanefndar.

Sjónarmið kæranda

Í kærunni kemur fram að meginathugasemd kæranda við umfjöllun *visir.is* og *Stöðvar 2* er nafngreining sem þar komi fram en í henni segi: „Einn þeirra sem er í haldi lögreglunnar í Danmörku og er grunaður um smyglið, er samkvæmt heimildum fréttastofu, XXX," þ.e. fullt nafn viðkomandi fylgir fréttinni.

Í umfjöllun *Fréttablaðsins* eigi það sama við nema hvað *Fréttablaðið* bæti um betur og birti mynd af XXX sem fengin hafi verið í leyfisleysi af Facebook-síðu XXX.

